

Námskrá leikskólans Kiðagíls



Akureyri október 2020

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| FORMÁLI | 4 |
| 1. YTRI AÐSTÆÐUR | 5 |
| YFIRSTJÓRN LEIKSKÓLAMÁLA | 5 |
| FRÆDSLUSVIÐ | 5 |
| LEIKSKÓLARÁÐGJÖF | 5 |
| 2. NÁMSKRÁ KIÐAGILS | 6 |
| FORSENDUR SKÓLANÁMSKRÁR | 6 |
| LÖG UM LEIKSKÓLA | 6 |
| REGLUGERÐ UM STARFSEMI LEIKSKÓLA NR. 225/1995 | 6 |
| AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA | 6 |
| SKÓLANÁMSKRÁ | 7 |
| 2.1. HLUTVERK LEIKSKÓLANS OG STEFNA KIÐAGILS | 7 |
| 3. NÁMSVIÐ LEIKSKÓLANS | 7 |
| 3.1 LÆSI | 8 |
| 3.2 HEILBRIGÐI OG VELFERÐ | 9 |
| 3.3 SKÖPUN | 10 |
| 3.4 LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI | 12 |
| 3.5 JAFNRÉTTI | 12 |
| 3.6 SJÁLFBÆRNI | 13 |
| 4. ÁRSÁÆTLUN SKÓLANS | 14 |
| 4.1 HÁTÍÐIR OG HEFÐIR | 15 |
| 4.2 SAMSKIPTI MILLI SKÓLASTIGA | 15 |
| 5. DAGLEGT LÍF Í LEIKSKÓLANUM | 16 |
| 5.1. STUNDASKRÁ KIÐAGILS | 16 |
| 5.2. LEIKNÁMIÐ/LEIKURINN | 17 |
| 5.2.1. LEIKSKILYRÐI OG EFNIVIÐUR | 18 |
| 5.2.2. HLUTVERK KENningarans í LEIK BARNNA | 18 |
| 5.2.3. „EINN, TVEIR OG BYRJA“ | 19 |
| 5.2.4. LEIKSKÓLALÆSI | 19 |
| 5.2.5. VAL | 19 |
| 5.2.6. ÞEMASTARF | 20 |
| 5.2.7. SAMVERUSTUNDIR | 21 |
| 5.2.8. ÚTIVERAN | 21 |
| 5.2.9. VETTVANGSFERÐIR | 22 |
| 5.2.10. LÍFSLEIKNI | 22 |
| 6. FORVARNARSTEFNA KIÐAGILS | 22 |
| 6.1 AGASTEFNA KIÐAGILS | 23 |
| 6.2. SMT- SKÓLAFÆRNI | 24 |
| 6.3. KYNFERÐISLEG ÁREITNI | 25 |
| 6.4. EINELTI | 26 |
| 6.5. FORVÖRN | 26 |
| 6.6. MARKMIÐ MEÐ FORVARNASTEFNU LEIKSKÓLANNA | 26 |
| 7. MÓTTAKA OG BROTTFÖR | 27 |

| | |
|---|-----------|
| 8. FATAHERBERGI | 27 |
| 9. MATMÁLSTÍMAR | 28 |
| 10. HVÍLD | 29 |
| 11. HREINLÆTI | 29 |
| 12. SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA | 30 |
| 12.1 FORELDRASAMSTARF | 30 |
| 12.2 KYNNING Á SKÓLANUM..... | 31 |
| 13. AÐLÖGUN Í LEIKSKÓLA | 31 |
| 14. DAGLEG SAMSKIPTI | 32 |
| 15. FORELDRASAMTÖL | 33 |
| 15.1 SAMSTARF OG SAMTÖL VIÐ FORELDRA | 33 |
| 16. ALMENNAR UPPLÝSINGAR OG FRÆÐSLA | 33 |
| 17. ÞÁTTTAKA FORELDRA Í SKÓLASTARFINU | 33 |
| 17.1 FORELDRARÁÐ: | 34 |
| 17.2 FORELDRAFÉLAG | 34 |
| 17.3 FORELDRAFÉLAGIÐ VINARÓT | 34 |
| 18. OPIÐ HÚS | 35 |
| 19. ÞRÓUNARSTARF Í SKÓLUM | 35 |
| 20. STJÓRNUN OG STJÓRNUNARHÆTTIR | 36 |
| 20.1 FUNDIR..... | 36 |
| 20.2 BOÐLEIÐIR | 38 |
| 20.3 SAMSTARF..... | 38 |
| 20.3.1. SAMSTARF MILLI DEILDA | 38 |
| 20.3.2. SAMSTARF MILLI LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA: | 39 |
| 21. VERKASKIPTING OG ÁBYRGÐARSVIÐ | 39 |
| 21.1 STARFSMANNASAMTÖL..... | 40 |
| 21.1.1 FAGLEG AÐSTOÐ | 40 |
| 22. MAT Á LEIKSKÓLASTARFI | 41 |
| 22.1 SJÁLFSMAT -INNRA MAT | 41 |
| 22.2 VIÐMIÐ FYRIR SJÁLFSMAT..... | 42 |
| 23. YTRA MAT | 43 |
| 24. ÖRYGGISMÁL | 43 |
| 24.1 SLYS..... | 44 |
| 24.2 ÁFALLAHJÁLP | 44 |
| 24.5 BRUNAVARNIR | 45 |
| 24.6 EFTIRLIT MEÐ ÖRYGGISÞÁTTUM..... | 45 |

Formáli

Leikskólinn Kiðagil er fjögurra deilda skóli að Kiðagili 9 á Akureyri, sími: 414-3770. Netfang skólans er **kidagil@akureyri**. Heimasíða skólans er <http://kidagil.karellen.is/> Skólastjóri er Inda Björk Gunnarsdóttir. Skólinn tók til starfa árið 1995 og var tveggja deilda því Giljaskóli var til húsa í helmingnum af húsinu. Árið 1998 varð hann fjögurra deilda og fimm deilda um áramótin 2000-2001 þegar útistofa var tekin í notkun. Um haustið 2004 varð hann aftur 4 deildir með 96 rýmum.

Útgáfustaður: Akureyri

Útgáfuár: 2019

Yfirfarin af Katrínu Jóhannesdóttur 2020

1. Ytri aðstæður

Yfirstjórn leikskólamála

Fræðsluráð fer með málefni leikskóla og grunnskóla á Akureyri, samkvæmt lögum og reglugerðum, sveitarstjórnarlögum og því sem bæjarstjórn felur henni að öðru leyti. Fræðsluráð er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Fræðslustjóri situr fundi fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétt, einnig leikskólafulltrúi þegar fjallað er um málefni leikskóla. Aðrir sem sitja fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt eru: Einn fulltrúi foreldra sem er tilnefndur á sameiginlegum fundi fulltrúa foreldrafélaga frá hverjum leikskóla, einn fulltrúi leikskólastjóra og einn fulltrúi starfsmanna leikskóla.

Fræðslusvið

Fræðslusvið Akureyrarbæjar fer með yfirstjórn leikskólanna, fjármál, áætlanagerð, innritun barna, stefnumótun og skipulagsmál. Sviðsstjóri fræðslusviðs er næsti yfirmaður leikskólastjóra Akureyrarbæjar. Við fræðslusvið starfar einnig verkefnastjóri leikskóla, leikskólaráðgjafi og forstöðumaður rekstrar. Þessir aðilar annast ráðgjöf við leikskólastjóra v/ stjórnunar og rekstrarlega þátta.

Leikskólaráðgjöf

Leikskólaráðgjafi er leikskólastjórum og starfsfólki leikskólanna faglegur ráðgjafi um málefni einstakra nemenda. Foreldrar leikskólabarna geta leitað til leikskólaráðgjafa með mál tengd börnum sínum og leikskóladvöl þeirra. Ráðgjöf vegna einstakra nemenda fer fram frá fræðslusviði og/eða fjölskyldusviði Akureyrarbæjar.

Kennsluráðgjafi vegna sérkennslumála annast faglega ráðgjöf til leikskólastjóra og annarra starfsmanna leikskóla, vegna nemenda sem þurfa á sérkennslu að halda. Fræðslusvið Akureyrarbæjar sér um að veita nemendum sálfræði- og talmeinaþjónustu.

Háskólinn á Akureyri veitir stofnanaráðgjöf til leikskólanna að beiðni leikskólastjóra og/eða fræðslusviðs. Fræðslusvið og Háskólinn á Akureyri hafa gert með sér rammasamning. Samningurinn felur í sér stofnana ráðgjöf og er stuðningur við skólana sem stofnanir. Leikskólarnir sækja um þá þjónustu sem þeir óska eftir, einnig getur skólaþróunarsvið HA haft frumkvæði að verkefnum.

2. Námskrá Kiðagils

Forsendur skólanámskrár

Aðalnámskrá leikskóla er gerð á grundvelli 13. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Efnislega byggist hún á markmiðum 2. gr. laga um leikskóla og er ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólastarf. Leita skal jafnvægis milli stúlkna og drengja í öllu leikskólastarfi.

Lög um leikskóla

Samkvæmt lögum nr. 90/2008 bera sveitarfélög meginábyrgð á rekstri leikskóla. Menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla og sér um að fram fari mat á leikskólastarfi.

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995

Reglugerð þessi tekur til leikskóla sem starfa á grundvelli laga nr. 78/1994 og kveður hún á um þá þætti í rekstri leikskóla sem eru grunnforsendur þess að uppeldismarkmiðum 2.gr. laganna verði náð.

Fylgirit nr. 2 (Reglugerð um starfssemi leikskóla)

Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum og á að mynda sveigjanlegan starfsramma. Á grundvelli þessa leiðarvísis á sérhver leikskóli að gera eigin skólanámskrá.

Aðalnámsskrá leikskóla

- ❖ er fagleg stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans
- ❖ byggist á barnvænni hugmyndafræði þar sem þroski barna og þarfir eru þungamiðja.
- ❖ er ætlað að samræma uppeldi og menntun barna í leikskólum landsins.
- ❖ er viðmið við mat á leikskólastarfi og menntun leikskólakennara.
- ❖ er ætlað að tryggja gæði í leikskóla og jafna uppeldisaðstöðu barna.

Skólanámskrá

Skólanámskrá er yfirlýsing um hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar leikskólastarfinu. Hún byggir á því sem samfélagið telur mikilsvert og því úr menningararfinum sem talið er mikilvægt að koma áleiðis til næstu kynslóðar. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Leikskólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú.

2.1. Hlutverk leikskólans og stefna Kiðagils

Leikskólinn er uppeldis- og menntunarstofnun. Hann leggur áherslu á leikinn sem náms og þroskaleið og leggur rækt við skapandi eiginleika, starf og uppgötvunarnám barnsins. Hann er þjónustustofnun og sinnir því hlutverki, veitir börnunum öruggan samastað utan heimilis.

Leikskólinn er viðbót við heimilið, sinnir uppeldislegum þáttum í samvinnu við það.

Skólanámskrá:

- ❖ Gerir skólastarfið sýnilegra
- ❖ Veitir yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri skóla
- ❖ Gerir skólastarfið markvissara og auðveldara
- ❖ Veitir heildarsýn yfir uppeldisstarfið
- ❖ Gefur starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því
- ❖ Gerir nýliðum auðveldara að komast inn í starfið
- ❖ Auðveldar markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila.

3. Námsvið Leikskólans

Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þeir eru Læsi, Lýðræði og mannréttindi, Heilbrigði og velferð, Jafnrétti og sköpun. Námsviðin skarast og eru þau samofin undirstöðupáttum leikskólastarfsins. Fagmennska, virðing, leikur og læsi er leiðarljós starfsmanna á Kiðagili.

3.1 Læsi

Hugmyndafræði skólans byggir á læsi og að sýna hvort öðru virðingu í leik og starfi. Við leitumst við að styrkja hvort annað og auka virðingu fyrir námi hvers og eins. Með því að auka getuna til læsis hjálpar það öllum til að öðlast uppbyggjandi samskipti, jákvæðni og hjálpsemi.

Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki manna til boðskipta og hugsunar. Því ber að leggja áherslu á að nýta málið í víðum skilningi. Það gerum við með samtölum, spurningum, lestri, sögum, kvæðum og þulum. Markvissir læsis tímar eru í hverri viku auk þess sem allt er merkt sem gerir nemendum auðveldara að læra hugtökin. Bækur eru hafðar í boði fyrir börn og þeim kennt að umgangast þær, velta fyrir sér uppbyggingu þeirra, fletta blaðsíðu fyrir blaðsíðu, því með auknum þroska læra þau að lesa með aðstoð mynda. Lögð er áhersla á að efla skilning á málinu þar sem tjáning er mikilvægur þáttur og hvetjum við börnin til að nýta sér málið í leik og starfi, spyrja spurninga, segja skoðanir sínar og ræða um liðna atburði. Þá eru reglubundnar skimunar á öllum deildum nema yngstu. Gerð er úrbótaáætlun fyrir þau börn sem koma illa út úr skimuninni.

Orð og bókstafir eru sýnilegir sem hjálpartæki til að læra bókstafi og orð. Læsi er ekki bara að læra bókstafi og lestur heldur er það samheiti yfir marga þætti eins og samskipti, tákni, menningu, myndmál, ýmis táknerfi, umhverfið og hlustun. Síðar þróast tungumálið í ákveðið ferli sem skipuleggur hugsanir barnanna.

Því fleiri orð og hugtök sem hvert barn hefur lært og tileinkað sér skilning á, þeim mun fullkomnari verður hugsun þess. Þetta ferli til aukins vitsmunabroska næst ekki öðruvísi en með námi.

Verklag kennara er eins á öllum deildum hvað varðar læsi og áherslur í kennslu þar sem öllum börnum er skapað tækifæri til að tjá sig og taka þátt í samræðum því þar eykst orðaforðinn og skilningur. Börnunum er veittur aðgangur að sýnilegu ritmáli bæði í myndum og texta.

Í uppbyggingu læsis var byggt á „byrjendalæsi“ lestrarkennsluaðferð sem þróuð var af Rósu Eggertsdóttur, sérfræðingi við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri, sem byggir á samvirkri nálgun margra þátta. Aðferðin var aðlöguð námsskipulagi leikskóla í samvinnu við Þóru Rósu Geirsdóttur og Jennýju Gunnbjörnsdóttur sérfræðinga á Skólaþróunarsviði H.A.

Markmið:

- ❖ Að leggja áherslu á læsi. Að allt sé sýnilegt bæði stafir og tölur
- ❖ Að örva þá þætti hjá börnunum sem ýta undir lestrarnám.
- ❖ Að nota hv -spurningar (hvað, hvernig, hvers vegna).
- ❖ Að æfa með börnunum framsögn, spuna og frásagnir.
- ❖ Að bera virðingu fyrir íslenskri tungu.
- ❖ Að öllum líði vel í skólanum og leitist við að gera andrúmsloftið jákvætt bæði í leik og starfi.
- ❖ Að örva hugmyndaflug barnanna.
- ❖ Að hagsmunir barnsins sé hafður að leiðarljósi og sé rauði þráðurinn í gegnum allt bæði leik og nám.

Leiðir:

- ❖ Hafa allt merkt og í hæð barnanna til að vekja forvitni þeirra.
- ❖ Vera með markvissar læsis stundir þar sem börnin fá að spreyta sig á hugtökum og orðum
- ❖ Hvetja börnin til að svara og hjálpa þeim að finna orðin
- ❖ Nota hópstundir til að æfa þau í að koma fram og segja frá og kenna m.a. rím og þulur, sögur, ljóð, söngur og þjálfun hugtaka og þau hvött til að semja sjálf.
- ❖ Heimsækja bókasöfn og fá fræðslu um bækur og annað efni.

3.2 Heilbrigði og velferð

Í Kiðagili er lögð áhersla á að þjálfna börnin í félagsfærni en Daniel Goleman skrifaði um tilfinningagreind og skilgreindi hana sem hæfileikann til að gera sér grein fyrir eigin tilfinningum og annarra, til þess að geta greint á milli þeirra og notað vitneskjuna sér til leiðbeiningar í hugsun, ákvarðanatöku og framkvæmd.

Í Kiðagili er lögð áhersla á góðan félagsanda, þannig að öllum líði vel og séu ánægðir, jafnt börnum sem fullorðnum. Öll börn fara í íþróttahús aðra hvora viku, þá hefur verið boðið upp á jóganámskeið og dans. Í leikskólanum er stór salur sem búin er ýmsum tækjum til íþróttaiðkunar og er hann vel nýttur af öllum. Öllum á að finnast þeir vera mikilvægir í sínu starfi og að þeir beri ábyrgð og umhyggju fyrir öðrum. Virðing er borin fyrir börnunum og getu þeirra. Lögð er áhersla á að þau afli sér reynslu og þekkingar á eigin forsendum og að þau noti til þess m.a. tilfinningar, hreyfingar, sjónræna skynjun, leik og skapandi starf.

Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Börn tjá sig snemma með hreyfingum, þau skynja líkama sinn, finna styrk sinn og getu. Góð hreyfifærni eykur sjálfstraust barnsins og hreyfing bætir heilsu, snerpu og þol. Líkamlegri áreynslu fylgir hvíld og þar skynjar barnið mun á spennu og slökun.

Markmið:

- ❖ Að örva fín- og grófhreyfingar.
- ❖ Að auka úthald og snerpu.
- ❖ Að stuðla að betri andlegri og líkamlegri líðan einstaklingsins.
- ❖ Að skapa gott svigrúm og aðstæður til hreyfingar, bæði úti og inni.
- ❖ Að skapa tækifæri til hreyfingar í takt við tónlist.

Leiðir:

- ❖ Leggja áherslu á að nýta þau svæði sem skólinn hefur upp á að bjóða, s.s. salinn og garðinn til skipulagðra hreyfistunda í bland við frjálsa hreyfileiki.
- ❖ Hvetja börnin til hreyfingar t.d. með hópleikjum og gönguferðum/vettvangsferðum.
- ❖ Leggja áherslu á að hvert barn fái a.m.k. 1 skipulagða hreyfistund í viku.
- ❖ Hafa ætíð aðgengilegt námsefni sem stuðlar að góðri samhæfingu fín- og grófhreyfinga.
- ❖ Nýta tónlist til frjálsra hreyfinga.

3.3 Sköpun

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli, þau eiga auðvelt með að tjá tilfinningar sínar í sköpun, sem eflir líka sjálfstraust barnsins. Í Kiðagili er leitast við að nýta allt sem hægt er til sköpunar. Endurnýtanlegur efniviður er mikið notaður sem ýtir undir forvitni barnanna. Börnunum er veitt fjölbreytileg tækifæri til að tjá sig í myndum og margs konar mótanlegum efnivið.

Mikilvægt er að taka tillit til áhuga barnanna og kynna fyrir þeim mismunandi efnivið og áhöld sem efla hugmyndaflug þeirra og getu. Gefa þarf þeim tíma til að ígrunda því þannig eykst ímyndunarafl þeirra. Börn þurfa frjálsræði svo þau öðlist frumkvæði og kjark til að skapa það sem þeim langar til. Þá snýst sköpunin ekki bara um eitthvert verk heldur felst hún í því að hvetja börnin til að nota hugmyndaflugið í hverskonar leikjum

með kubba, leir, leikrænni tjáningu, umræðu um hluti og frv. Leikurinn er mikilvægt tæki í sköpun og er honum gefin góður tími í starfinu. Skapandi starf á að beinast að því sem gert er þar sem allir fá notið sín á sínum forsendum. Kennarar gegna þar mikilvægu hlutverki og eru þeir meðvitaðir um mikilvægi þess að gefa öllum tíma til sköpunar.

Markmið:

- ❖ Að gefa börnunum tækifæri til að tjá sig í gegnum myndlistina.
- ❖ Að auka ímyndunarafl og þroska hvers barns í gegnum myndlist.
- ❖ Að börnin fái að kynnst þeim fjölbreytta efnivið sem tengist leikskólastarfi.
- ❖ Að börnin fái tækifæri til að ígrunda og skapa það sem þau hafa áhuga á í daglegu lífi.
- ❖ Að börnin kynni verk sín fyrir öðrum.
- ❖ Að börnin fái tækifæri til að búa til sín eigin hljóðfæri.
- ❖ Að sungið sé reglulega með börnunum.
- ❖ Að þjálfa með börnunum hlustun.

Leiðir:

- ❖ Gefa börnunum kost á að vinna á sínum forsendum og þroska, s.s. yngstu börnin vilja þreifa, kreista, mála með fingrum/pensli á meðan eldri börnin mála, klippa, líma og hafa fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvað þau ætla að gera.
- ❖ Passa upp á að efniviðurinn sé aðgengilegur börnunum svo þau geti gengið að honum frjálts.
- ❖ Gefa börnunum tíma til þess að ræða verk sín við kennara og hin börnin.
- ❖ Umhverfissáttmáli Kiðagils:
 - Verndum umhverfið.
 - Endurnýtum allt sem hægt er.
 - Flokkum úrgang og vinnum að jarðgerð.
- ❖ Tónlist og söngur sé notuð í dagsins önn, s.s. í samverustundum og fataherberginu.
- ❖ Skapa aðstæður þar sem börnin geti búið til sín eigin hljóðfæri s.s. í hópastarfi og frjálsum leik.
- ❖ Hjálpa börnunum að kanna hljóðheim sinn og hlusta á umhverfið og náttúruna.

3.4 Lýðræði og mannréttindi

Börn eiga að fá ríkuleg tækifæri til að njóta þess sama og allir aðrir óháð trú, menningu og litarhafti. Á Kiðagili er stuðlað að því að börn þroski með sér þá vitneskju að þau geta haft áhrif á eigin líðan og getu. Aðstæður eru vel skipulagðar til að börnunum líði vel og finni til öryggis. Öllum börnum er skapað sama tækifærið hvort sem er í frjálsum leik eða skipulögðum. Þá er unnið með að börnin hjálpi hvort öðru, sýni virðingu og leiti sér þekkingar og fái svör við þeim spurningum er upp koma.

Börnum er gefinn tími til að ígrunda, spyrja og fá svör ásamt því að þau eru hvött til að nýta hæfnina til að leysa úr ágreiningi við leikfélagann. Þemastarfið er byggt upp á hverri deild og er það unnið samhliða leikskólalæsi og þemavinnu. Samstarf milli leikskólans, heimilis og umhverfisins vel nýtt. Börnin eru hvött til að nýta sköpunarkraftinn, mynda sér skoðanir og framkvæma á eigin forsendum. Ýtt er undir sjálfstraust þeirra og getu, með hvatningu og umhyggju fyrir gjörðum þeirra.

Markmið

- ❖ Að allir taki virkann þátt og njóti þess sama.
- ❖ Að efla börnin í að bera ábyrgð.
- ❖ Að allir njóti þess saman óháð kyni.
- ❖ Að gefa börnunum þann tíma sem þau þurfa til að þroskast.
- ❖ Að ýta undir áhugasvið þeirra sem eykur þekkingu og þor.

Leiðir

- ❖ Kennarar séu meðvitaðir um að allir eigi sama rétt.
- ❖ Kenna börnunum að taka ábyrgð á sjálfum sér og sínum gjörðum.
- ❖ Allir fái það sama.
- ❖ Að gera ekki kröfu á eitthvað sem kennarar vita að barn ræður ekki við, gefa öllum tíma.
- ❖ Finna út hvar áhugasvið barnanna liggur og nýta það til kennslu og sköpunar.

3.5 Jafnrétti

Skólastarf á hverjum stað mótast eðlilega af því umhverfi sem þeir búa við, atvinnufélags- og menningarlegu. Skólinn þarf að taka tillit til mismunandi fjölskyldugerða og

uppruna barnanna og efla tilfinningu þeirra fyrir því að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því. Allir hafa sama rétt óháð kyni. Að þessu má stuðla með samskiptum við starfsemi utan skólans og nýtingu umhverfisins til vettvangsferða og leikja.

Markmið:

- ❖ Að börnin læri að virða og kynnist landi sínu og þjóð.
- ❖ Að börnin fái tækifæri til að kynnast ólíkri menningu.

Leiðir:

- ❖ Gefa börnunum tækifæri á að fara á listasöfn, bókasöfn og horfa á myndbönd þar sem þau kynnast landi sínu og þjóð.
- ❖ Að veita börnunum tækifæri á að hafa samskipti við börn í öðrum skólum, landshlutum eða milli landa t.d. með heimsóknum, bréfaskriftum og tölvupósti.
- ❖ Kynna fyrir börnunum menningu og bakgrunn barna af erlendum uppruna og kynna fyrir þeim, s.s. í formi matargerðar eða með myndböndum og lestri bóka.
- ❖ Hjálpa börnunum að læra mikilvægi umferðarmenningar í samskiptum manna svo þau læri almennar hegðunarreglur í umferðinni s.s. í formi gönguferða.

3.6 Sjálfbærni

Sjálfbærni felur í sér nám sem eykur m.a. færni barna og ungmenna til þess að takast á við margvísleg álitamál, ágreiningsmál sem stuðla að vilja þeirra og áhuga til þess að taka þátt í samfélaginu.

Þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar er mannum lífsnauðsynleg þar sem afkoma hans er undir henni komin. Börn þurfa að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar og njóta hennar um leið og þau læra að finna til ábyrgðar gagnvart henni. Skólanum ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þessu verður best við komið með ferðum út í náttúruna þar sem börnin gera sínar eigin athuganir og vinna úr þeim eftir getu. Einfaldar eðlis- og efnafræðitilraunir vekja líka áhuga og ánægju barna.

Kiðagil vill auka þekkingu fólks og virðingu fyrir náttúrunni. Skólinn er Umhverfisverndar skóli. Innan skólans fer fram flokkun á rusli. Ýmis konar pappír, plasti, kössum og öðru rusli sem til fellur er safnað í stóran poka. Þegar pokinn er fullur

kemur hópur frá einhverri deildinni og flokkar innihaldið eftir gildandi reglum sem eru um flokkun sorps.

Markmið:

- ❖ Að börn læri að bera ábyrgð og virðingu fyrir umhverfi sínu.
- ❖ Að börn fræðist um náttúru- og umhverfisvernd og kynnist fjölbreytileika náttúrunnar, komist í lifandi tengsl við hana og njóti hennar markvisst með öllum skynfærum sínum.
- ❖ Að börn fái tækifæri til að nýta náttúruna og næsta umhverfi til leikja, myndsköpunar og tilrauna.
- ❖ Að efla líkamlegan þroska, þrek og heilbrigði sem gefst í nánd við náttúruna og útivist.

Leiðir:

- ❖ Fara í náttúru- og skoðunarferðir í formi fjöruferða, sveitaferða, fuglaskoðunarferða og í Lystigarðinn.
- ❖ Veita börnunum tækifæri til rannsóknar- og vísindastarfs í skoðunarferðum þannig að þau ígrundi, skoði og rannsaki umhverfið sitt og hvetja þau til að safna efniviði til myndsköpunar og vinnslu.
- ❖ Fræða þau um dýr, plöntur, árstíðir, veðurfar, ræktun og umgengni við náttúruna.
- ❖ Kenna þeim að hlúa að lóðinni okkar og fegra með ræktun í formi matjurta, blóma og trjáa.
- ❖ Hjálpa þeim með fræðslu sem stuðlar að hreinu umhverfi með því að endurnýta sorp, pappír og annan úrgang.

4. Ársáætlun skólans

Við höldum í ákveðnar hefðir og má nefna sem dæmi þorrablót, öskudag, jólaball, vorfagnaður, 17. júní og Dag íslenskrar tungu. Á þorrablóti borðum við þorramat og syngjum þorrasöngva. Á Öskudaginn sláum við köttinn úr sekknum í salnum hjá okkur. Þá fara elstu börnin í bæinn og syngja. Við fögnum 17. júní á þeim skóladegi sem næstur er þjóðhátíðardeginum sjálfum. Þá förum við í skrudgöngu um hverfið, syngjum og tröllum. Á Degi íslenskrar tungu leggjum við sérstaka áherslu á tungumálið okkar, Jónas Hallgrímsson, syngjum, förum á bókasafnið og lesum bækur.

4.1 Hátíðir og hefðir

Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hátíðir og hefðir sem börn kynnast og taka þátt í á heimilum sínum og einnig í skólanum. Þennan menningararf þarf skólinn að styðja við og börn að læra að virða. Það styrkir þjóðarvitund þeirra. Í skólanum eru líka sérstakar hefðir ríkjandi sem gefa tilefni til hátíðahalda, t.d. afmæli barnanna.

Markmið:

- ❖ Að börnin fái að kynnast hinum ýmsu hátíðum og tyllidögum.
- ❖ Að læra um hefðir, venjur og góða siði.

Leiðir:

- ❖ Að skólinn hafi aðgengilegar upplýsingar um mismunandi hefðir og hátíðir svo starfsfólkið verði hæfara um að miðla þekkingu til barnanna.
- ❖ Þessi upplýsingabanki gæti t.d verið í formi bóka, blaða og myndbanda.

4.2 Samskipti milli skólastiga

Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans. Gagnkvæmar heimsóknir nemenda Kiðagils og Giljaskóla eru heppileg leið til að tengja skólastigin saman í huga barnsins. Sameiginleg verkefni í tengslum við umhverfi skólanna er líka leið til að skapa þessi tengsl.

Elstu börnin fara í heimsókn í Giljaskóla. Farið er í heimsóknir á bókasafnið, frístund og í 1. bekk. Fyrsti bekkur Giljaskóla kemur í heimsókn á Kiðagil og börnunum á Engjarós er boðið á árshátíð Giljaskóla.

Markmið:

- ❖ Að tryggja að samfella sé milli skólastiganna.
- ❖ Að stuðla að öryggi og vellíðan barnanna við upphaf grunnskólagöngu
- ❖ Að efla félagslega færni barnanna.
- ❖ Að efla hjá börnunum sjálfstæði.

Leiðir:

- ❖ Farið er í heimsóknir í grunnskólann til að kynnast innviðum skólans og taka þátt í grunnskólastarfinu með nemendum yngsta stigs.
- ❖ Elstu deild leikskólans er boðið á árshátíðar generalprufu Giljaskóla.
- ❖ Félagsfærni barnanna þjálfað og notað til þess námsefnið Stig af stigi.

- ❖ Að börnin fái að fara nokkur saman án kennara á útsvæði eða í sal skólans, eykur sjálfstraust og sjálfsstjórnun. Það er einnig góður undirbúningur undir útiveru í grunnskóla.

5. Daglegt líf í leikskólanum

Daglegt líf í leikskóla markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu þeirra. Daglegt starf eru leiðir sem farnar eru til að ná markmiðum skólans, því er mikilvægt að samræmi sé milli leiða og markmiða.

Á ákveðnum tímum matast börn, þvo sér, hvíla sig og sofa. Dagskipulag skólans er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahópsins hverju sinni, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa starfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.

Í leikskóla skal rækta alhliða þroska barna, hlúa að öllum þroskaþáttum, efla þá og örva samspil þeirra. Lífsleikni og námsgengi barna byggist á jafnvægi milli allra þroskaþáttanna.

5.1. Stundaskrá Kiðagils

| | |
|-------------|---|
| 07:45 | Skólinn opnar. |
| 08:10-08:50 | Morgunverður og borðleikir í heimastofum. |
| 09:00-11:00 | Leiknám, inni og úti, í öllu leikrými skólans. |
| 11:00-12:30 | Forstofa ef það hefur verið útivera, annars tiltekt á deildum. Savmerur á öllum deildum eftir útiveru og fyrir hádegismat. Matartími frá 11:20-12:00 nema yngsta deildin byrjar að borða 11:15. |
| 12:30-13:00 | Hvíldartími: Sögulestur, tónlist, rólegir borðleikir, svefn, hvíld og hreyfislökun. |
| 13:00-14:30 | Leiknám, inni og úti, í öllu leikrými skólans. |
| 14:30-15:00 | Nónhressing |
| 15:00-16:00 | Leiknám, inni og úti, í öllu leikrými skólans. Val á eldri deildum til kl. 16:00. |

5.2. Leiknámíð/Leikurinn

Á bernskuárum er leikur lífstjáning barns, ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Leikurinn er hornsteinn skólustarfsins, lífstjáning og gleðigjafi barns. Leikur barna mótast af hugmyndaauðgi þeirra og sköpunarmætti, þ.e. hæfni til að sjá ný tengsl, að koma fram með nýstárlegar hugmyndir og víkja frá hefðbundnu hugsanamynstri. Hópleikir eru mikilvægir þættir í leikskólastarfi. Í hópi jafnaldra öðlast barn margþætta félagslega reynslu og fær tækifæri til að láta til sín taka, eiga frumkvæði, leika sér, starfa og deila gleði með öðrum

Markmið:

- ❖ Leikurinn er nám, það örvar og þroskar börnin.
- ❖ Leikurinn hvetur barnið til starfa og vekur áhuga.
- ❖ Leikurinn eflir samskipti, samhæfingu og samvinnu barnanna. Þau læra leikreglur og jafnræði ríkir á milli þeirra.
- ❖ Leikurinn örvar samspil og samskipti við hinn fullorðna.
- ❖ Leikurinn kemur inn á alla þroskaþætti barnanna, s.s. líkams- og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmunaprofka, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund.
- ❖ Leikurinn er spuni, hann á sér upphaf og endi.
- ❖ Leikur mótast af þroska barnanna, bakgrunni þeirra og uppeldisumhverfi.

Leiðir:

- ❖ Að gefa órofinn og góðan tíma til leikja og muna að frágangur er hluti af leiknum. Láta vita tímanlega hvenær frágangur á að hefjast.
- ❖ Athuga hvort ekki sé tækifæri til að láta byggingar standa frá einum degi til annars.
- ❖ Að meta leikinn sem nauðsynlegan þátt í þroska barnsins.
- ❖ Að kenna spil, bæði sem börn geta spilað sjálf og einnig spil sem kennarar stjórna.
- ❖ Að leikurinn fái tíma, rými og næði. Það þarf að skapa aðstæður fyrir leikinn þannig að hann hafi næði og þróist eðlilega, s.s. að hólfa rými af þannig að börnin verði ekki fyrir utanaðkomandi áreiti sem getur truflað leikinn.
- ❖ Að passa upp á að brjóta ekki upp leikinn með óþarfa afskiptum.

5.2.1. Leikskilyrði og efniviður

Leikur barns endurspeglar reynsluheim þess, menningu og samfélag sem það býr í. Skipulag og búnaður á að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Skipulag og umhverfi hefur áhrif á leik barna og getur stutt við leikinn en einnig verkað hamlandi. Börn þurfa tíma til að skipuleggja og setja upp leikinn og þau þurfa samfelldan tíma til að þróa leik sinn og dýpka. Leik skal því ætlaður góður og samfelldur tími í dagskipulagi skólans.

Efniviður skólans er aðalkennslutæki hans, því er mikilvægt að vanda valið og vera meðvitaður um hverskonar efniviður er valinn. Á öllum deildum eru snjalltölvur sem bæði er vinnutæki nemenda og kennara.

Markmið:

- ❖ Að efniviðurinn sé áhugahvetjandi, fjölbreyttur, skapandi fyrir börnin og hann efli frumkvæði þeirra, sjálfstæði, virkni og gleði.
- ❖ Að umhverfið hvetji börnin til leikja en letji þau ekki.
- ❖ Að umhverfið sé til þess fallið að vekja vellíðan og stuðli að friði og ró í samskiptum barnanna.

Leiðir:

- ❖ Að skapandi efniviður sé til staðar í skólanum, s.s. leir, sandur, málning, fatnaður og búningur til þykjustu- og hlutverkaleiks, kubbar til byggingaleikja, púsl, inni- og útileiktæki.
- ❖ Að snjalltölvur séu aðgengilegar fyrir börnin. Þar er lögð áhersla á samvinnu barnanna og forrit og leiki til þjálfunar og kennslu.

5.2.2. Hlutverk kennarans í leik barna

Kennari á að fylgjast vel með leiknum og á ávallt að vera reiðubúinn að örva eða taka þátt í leiknum og þá á forsendum barnanna. Kennarinn þarf að vera næmur á andlegar og líkamlegar þarfir barnsins og fylgjast gaumgæfilega með börnunum í leik. Börn dvelja að öllu jöfnu lengur við leik og störf ef kennari er nálægur. Návistin veitir barni öryggi og stuðning.

Sérhvert barn þarf að fást við viðfangsefni við sitt hæfi. Gæta þarf þess að barn einangrist ekki en aðlagist vel barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegra tengsla.

Markmið og leiðir:

- ❖ Að kennarinn fylgist vel með leik barnanna, geri uppeldislegar skráningar og spyrji opinna spurninga.
- ❖ Að kennarinn sé ávallt til staðar og taki þátt í leik barnanna á þeirra forsendum.
- ❖ Að kennarinn vekji áhuga barnanna á leiknum, örvi þau og hvetji.

5.2.3. „Einn, tveir og byrja“

Haustið 2006 hófst notkun á námsefninu „Einn, tveir og byrja“ sem er sérhannað fyrir yngstu börnin í leikskóla (18 - 24 mánaða). Höfundur námsefnisins heitir Nina Anna Dau og byggir á námskenningum Blooms og fjölgreindarkenningu Gardners. Með hönnun námsefnisins vildi hún með beinum hætti, koma til móts við þarfir yngstu barnanna í leikskólanum. Námsefnið býður upp á markvissa vinnu með ákveðið efni, svo sem Tákni með tali, einfaldar myndir og liti. Innlögnin hefst þegar aðlögun lýkur og er unnið í ákveðinn tíma með eftirfylgni og símati en slíkt er sjaldnast gert þegar námsefni fyrir eldri börn hefur verið einfaldað fyrir yngstu börnin.

5.2.4. Leikskólalæsi

Verkefnið „Leikskólalæsi“ hefur að markmiði að kenna börnum lestur í gegnum leik, allt frá því að þau byrja leikskólagöngu sína. Við undirbúning aðferðarinnar er Byrjendalæsi haft til hliðsjónar sem lestrarkennsluáferð í grunnskóla og einnig er litið til „Bernskulæsis“ um hvernig börn tileinka sér lestur í gegnum umhverfi sitt. Fyrst og fremst verður þó leikurinn hafður að leiðarljósi og þróaðar verða aðferðir til þess að nýta hann markvisst til hugtaka- og lestrarkennslu. Allar deildir nota kennsluefnið Lubbi finnur málbein í sínu daglega starfi, hvort sem er með söngvum, sögum eða í tengslum við þemaverkefni.

Markmið:

- ❖ Styrkja málvitund barnanna.
- ❖ Veita skipulega málörvun sem stuðlar að eðlilegri færni í íslensku.
- ❖ Samþætta hina mörgu þætti máls, s.s. lestur, ritun, tal og hlustun
- ❖ Hafa markvissa og heildstæða lestrarkennslu frá upphafi skólagöngu nemenda.

5.2.5. Val

Valkerfi byggir á þeirri hugmynd að barn læri af eigin áhugahvöt, því er börnunum gefið val um leiksvæði eða starf, til að gefa þeim kost á að víkka þessa innri áhugahvöt sína. Algengustu valkerfin eru val barna um ákveðin leiksvæði eða

verkefni, einhvern afmarkaðan tíma dagsins. Í vali gefst barni kostur á að efla sjálfræði sitt og sjálfstraust með því að læra að taka ákvörðun og standa við hana. Þar starfar barnið síðan með öðrum börnum sem velja það sama í það skiptið og eykur þar félagslegan þroska sinn og lífsleikni.

Markmið:

- ❖ Hafa val þ.e. valstund seinni partinn þar sem börnin velja svæði. Á eldri deildum er valið á báðum deildum sem gerir það að verkum að börn og starfsmenn kynnast betur.
- ❖ Að börnin læri að velja og hafna og standa við ákvörðun sína.

Leiðir:

- ❖ Að nýta þau svæði sem deildin hefur upp á að bjóða.
- ❖ Hafa nafnalista þannig að nöfnin rúlli. Þannig fá allir að velja fyrstir og allir verði einhvern tímann síðastir.
- ❖ Hafa valspjöld aðgengileg fyrir börnin.

5.2.6. Þemastarf

Í skipulögðu þemastarfi öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu. Þemastarf örvar þroska einstaklings og þroski einstaklings auðgar starf hópsins. Skólinn tekur tillit til þarfa hvers einstaks barns svo það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.

Markmið:

- ❖ Að gerð sé nákvæm námsáætlun fyrir hverja önn.
- ❖ Að öll námssviðin fléttist inn í þemastarfið.
- ❖ Að hafa aldurshreina hópa.
- ❖ Að örva sköpunargleði og umræður með því að spyrja opinna spurninga.
- ❖ Að börnin læri að vinna saman og taka tillit til hvors annars, s.s. að hlusta þegar aðrir tala og þora að tjá sig í hópnum, hvetja þau til samræðna.
- ❖ Að styrkja tengsl og auka þekkingu þeirra á umhverfi sínu og samfélagi.
- ❖ Að gera börnin meðvituð um síbreytileika náttúru og samfélags.

Leiðir:

- ❖ Nýta þau svæði sem í boði eru, t.d. Listagil, heimasvæðin, útivist og salinn.

- ❖ Fara í vettvangsferðir, á bókasöfn, fyrirtæki, söfn.
- ❖ Nýta þann efnivið sem í boði er og safna úr náttúrunni efnivið til vinnslu.

5.2.7. Samverustundir

Barn á að fá margvísleg tækifæri til að njóta samverustunda og gleðjast með öðrum. Þar gefst tækifæri til samræðna sem byggja á opnum spurningum og hægt er að hvetja barnið til að færa rök fyrir máli sínu. Þar er einnig gott að lesa fyrir börnin efni sem hæfir aldri þeirra og þroska og segja sögur og ævintýri. Hópsöngur eykur einnig samkennd barna. Í samverustundum gefst gott tækifæri til að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna, með því að þjálfa þau í að koma fram fyrir hópinn.

Markmið:

- ❖ Að þjálfa börnin í að vera saman sem heild/hópur.
- ❖ Að þjálfa börnin í að hlusta á sögur og á hvort annað.
- ❖ Að þau læri að taka tillit til hvors annars.
- ❖ Að þjálfa málþroska barnanna.

Leiðir:

- ❖ Lesa, syngja og segja sögur, hlusta á sögur.
- ❖ Að skapa umræður í samverustundum sem hvetja börn til að segja frá sínum upplifunum og segja sögur.
- ❖ Sögukassi Lubba.

5.2.8. Útiveran

Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Utandyra geta börnin leyft sér ærslaleiki, hróp og köll. Þar geta þau hlaupið, hoppað, stokkið og klifrað. Leikvellir skóla eiga að vera vel fallnir til alls konar hreyfileikja, bæði sjálfsprottinna og skipulagðra. Ýmsir hlaupaleikir reyna verulega á þrótt barnsins og úthald, örva hjartslátt og blóðrás. Í útiveru fer ekki minna nám fram en inni og er því ekki síður mikilvægt að huga að því að útisvæðið sé skapandi.

Markmið:

- ❖ Að börnin fái tækifæri til að hreyfa sig frjálst og óhindrað.

- ❖ Að njóta útiverunnar þar sem ferska loftið eykur matarlyst og úthald.
- ❖ Að þau læri samskiptareglur í útivistinni og í frjálsum leikjum
- ❖ Að þau læri tillitsemi og aðgætni.

Leiðir:

- ❖ Þjóða upp á fjölbreytta leiki, skipulagða/óskipulagða.
- ❖ Hafa fjölbreyttan efnivið s.s. sand, möl, dót, vegasölt, skóflur, fötur.
- ❖ Hafa skipulagða útileikjadaga nokkrum sinnum á ári.

5.2.9. Vettvangsferðir

Börn fá snemma áhuga á nánasta umhverfi sínu og áhuga þeirra og eftirtekt ber að efla. Víkka skal áhugasvið þeirra og sjóndeildarhring með skoðunarferðum í nágrenni skólans og með margvíslegum heimsóknnum í þjónustu- og menningarstofnanir. Vel þarf að nýta umhverfið til gönguferða, leikja, náttúruskoðunar og hvers konar rannsókna. Vettvangsferðir má tengja við þema skólans en einnig geta hugmyndir að þemaverkefni kviknað í vettvangsferðunum.

Börn þurfa einnig að kynnast umferðinni og læra hegðunar- og umferðarreglur jafnskjótt og þau hafa þroska til.

Markmið:

- ❖ Að þau læri að fara saman í ferðir og taka tillit til hvers annars, varast hættur, fara eftir reglum.
- ❖ Að þau kynnist náttúrunni og því sem hún hefur upp á að bjóða.

Leiðir:

- ❖ Nýta næsta nágrenni: Fara í strætisvagnaferðir; söfn; miðbæ; lystigarðinn; andapollinn, sundlaugargarðinn; stofnanir og fyrirtæki bæjarins.,

5.2.10. Lífsleikni

Lífsleikni byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Í leikskóla á að kenna barni lýðræðisleg vinnubrögð. Lífsleikni felst m.a. í því að virða reglur.

6. Forvarnarstefna Kiðagils

Í vinnuverndarlögum nr. 46/1980 er getið um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fylsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað.

Stefna Kiðagils í forvörnum er að stuðla að alhliða heilbrigði nemenda sinna og starfsfólks í gegnum fræðslu og umræður. Forvarnir spanna mjög breytt svið sem tengist velferð fólks, svo sem líðan, sjálfsmynd, árangri, samskiptum og áhugamálum.

Markmið forvarnaráætlunar skólans er að stuðla að góðri líðan þeirra sem hér eru daglega og gera þá að sterkum einstaklingum.

Með þetta að markmiði munum við leitast við að:

- ❖ Fræða börnin og efla sjálfræði þeirra. Í námi barnanna notum við m.a. námsefnið “**Stig af Stigi**” sem er fyrirtaks forvarnarefni. Þar læra börnin að finna styrk sinn, taka réttar ákvarðanir, segja skoðun sína, rökstyðja hana og standa við orð sín.
- ❖ Tryggja faglega og snemmtæka íhlutun varðandi þroskafrávik og/eða félagslegra aðstæðna.
- ❖ Nota skimunarpróf sem hjálpartæki í starfi skólans, s.s. Íslenska þroskalistann, EFI 2 málþroskaskimun, AAL listann og Hljóm-2, til að geta betur sinnt þeim börnum sem þurfa sérstaka aðstoð.
- ❖ Eiga öflugt og gott samstarf við foreldra/forráðamenn barnanna og veita þeim upplýsingar um uppeldi og umönnun barna.
- ❖ Eiga öflugt samstarf við grunnskólana (aðallega Giljaskóla sem er okkar hverfisskóli), tónlistarskóla, heilsugæslu, ráðgjafa (jafnt Skóladeildar Akureyrar sem og sjálfstætt starfandi), lögreglu og slökkvilið.
- ❖ Hafa virka símenntunaráætlun starfsfólks til að efla faglega þekkingu innan skólans.
- ❖ Styðjast við viðurkennda og áhrifamikla agastefnu „SMT-Skólafærni“ og gefa nýjum kennurum og öðrum starfsmönnum leiðbeiningar um hvernig þeir geti tileinkað sér þær samskiptareglur sem agastefnan kveður á um.

6.1 Agastefna Kiðagils

Agi er aðferð til að stjórna, leiðbeina og setja börnum mörk svo að þau öðlist hæfni til að tileinka sér skráðar og óskráðar reglur samfélagsins. Flestir eru sammála að agi sé nauðsynlegur til að stuðla að andlegu heilbrigði barna og hjálpi þeim að öðlast innri styrk og jafnvægi. Árangursríkast er að heimili og skóli séu samstíga í aðgerðum.

„SMT-skólaferni er áhrifaríkt hjálpartæki til þess að halda uppi góðum aga jákvæðum samskiptum. SMT einkunnarorð Kiðagils er „Við erum frábær“

Markmið:

- ❖ Að kenna og styrkja barnið í mannlegum samskiptum sem viðurkennd eru í okkar samfélagi.
- ❖ Að bæði börn og starfsfólk temji sér góða umgengni, jákvæð samskipti og kurteisni.
- ❖ Að nota aga sem aðferð til að ná fram jákvæðri og æskilegri hegðun.
- ❖ Að hjálpa barninu að öðlast sjálfstraust og tileinka sér sjálfsaga.
- ❖ Að þau beri virðingu gagnvart sjálfum sér og öðrum, eigum sínum og annarra.
- ❖ Að barnið öðlist smám saman meiri getu til að stjórna eigin gerðum og greina á milli hvað er rétt og rangt.

Leiðir:

- ❖ Starfsmenn eru fyrirmyndir og ber að ígrunda framkomu og samskipti sín við aðra.
- ❖ Að nota jákvæðan aga felst í að setja börnum mörk, stöðva þau þegar þau hafa í frammi óæskilega hegðun og hrósa þeim þegar þau fara eftir settum reglum. Hrós getur falist í að brosa til barnsins, klappa á kollinn eða segja t.d. “Ég er ánægð/ur að sjá...”
- ❖ Starfsmenn séu samstíga í umgengni og reglum, sérstaklega gagnvart þeim börnum sem þurfa skýrari ramma en önnur, á hverjum tíma.
- ❖ Að hæla börnum með SMT einkunnarorðum Kiðagils

6.2. SMT- skólaferni

Markmið SMT-skólaferni er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsferni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma vinnubrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Þessi nálgun byggir á margra ára rannsóknum sérfræðinga, í Oregon í Bandaríkjunum, og er framkvæmd í samráði við þá.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að í hverjum skóla má gera ráð fyrir þrenns konar nemendum. „Venjulegum“ nemendum (85-90%),nemendum sem sýna fyrstu merki andfélagslegrar hegðunar og eiga á hættu að þróa með sér andfélagslegt

hegðunarmynstur (7-10%) og nemendum sem þegar sýna töluverða andfélagslega hegðun og eru í mikilli áhættu vegna enn frekari vandamála í framtíðinni (3-5%). Gert er ráð fyrir því að brugðist sé við þessum þremur nemendahópum á mismunandi hátt og er áætlað að tvö til fjögur ár taki að innleiða þessi vinnubrögð í skólasamfélagið.

Frankvæmd: (Bæklingur um SMT skólafærni)

Á fyrsta ári er lögð áhersla á að styðja við alla nemendur skólans. Reglur eru settar fram þannig að þær eru einfaldar, nákvæmar og vel ljóst til hvers er ætlast af nemendum.

Á öðru ári er lögð áhersla á að styðja við afmarkaðan hóp nemenda – nemendur sem sýna fyrstu merki andfélagslegrar hegðunar.

Á þriðja ári er lögð áhersla á að styðja við nemendur sem þegar sýna töluverða andfélagslega hegðun.

Á Kiðagili er unnið samkvæmt SMT-skólafærni og hefur verið gert í nokkur ár. Sett hefur verið á stofn svokallað „Lausnateymi“ sem ákveður hvort hafa þurfi markvisst eftirlit með hegðun einstaka nemanda. Áður en aðgerðir hefjast sér lausnateymi um að gerð sé athugun á hegðun nemandans leitar eftir samþykki foreldra og að því fengnu eru sett upp markmið um hvernig megi breyta hegðuninni.

Forvarnarstefna Akureyrarbæjar

6.3. Kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni og einelti líðst ekki í leikskólum Akureyrarbæjar og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna. Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til leikskólastjóra, viðkomandi deildarstjóra eða öryggistrúnaðarmanns.

“Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað.” (sbr. lög um jafna stöðu og jafna rétt kvenna og karla nr. 96/2000,17.gr).

Í vinnuverndarlögum nr. 46/1980 er getið um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé

fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Undir þessa skilgreiningu laganna fellur einelti.

6.4. Einelti

Einelti er samskiptavandi, síendurtekið andlegt eða líkamlegt ofbeldi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Gerandi er einstaklingur eða hópur og stundum áttar viðkomandi sig ekki á því að um einelti er að ræða. Í öðrum tilvikum getur einelti verið af ásettu ráði og þá oft vegna þess að gerandanum sjálfum líður illa.

Einelti getur einnig verið að finna í vinnuskipulagi skólans. Einelti gerir lífið á vinnustaðnum illþolanlegt eða óbærilegt fyrir starfsmanninn, dregur úr starfsorku og hefur slæm áhrif á starfsandann.

Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til skólastjóra, öryggisvarðar eða öryggistrúnaðarmanns og munu þeir aðilar aðstoða starfsmanninn við að leita réttar síns og sinna úrlausn málsins í samvinnu við þolanda, geranda/gerendur og sérfróða aðila ef þurfa þykir.

6.5. Forvörn

Í upphafi skólagöngu barnsins hefst forvarnarstarf gegn einelti með opnum og jákvæðum samskiptum á milli heimilis og skóla. Samskipti barna innbyrðis og hvernig þeim er háttað skipar stórt hlutverk í forvarnarstarfi gegn einelti. Öll áhersla á vináttu og vinatengsl er mikilvæg. Þá er áhersla leikskólans á uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar barns mikil forvörn því ef barnið hefur sterka sjálfsmynd ætti það að vera betur í stakk búið ef það lendir í eða verður vitni að einelti

Hlutverk starfsmanna sem fyrirmynd skiptir öllu máli, bæði hvað varðar viðhorf, framkomu og viðbrögð við einelti. Starfsmenn skulu ávallt vera vakandi fyrir samskiptum barnanna því einelti byrjar oft í smáum og duldum atvikum sem geta vaxið ef ekki er brugðist fljótt við þeim.

6.6. Markmið með forvarnastefnu leikskólanna.

- ❖ Starfsmenn þekki einelti þegar það á sér stað.
- ❖ Starfsmenn kunni að uppræta eða vinna með eineltismál, ef þau koma upp.
- ❖ Vinna skal eftir ákveðnu ferli við úrlausn eineltismála.

- ❖ Vinna skal eftir áætlun sem allir starfsmenn þekkja og unnið er eftir ef einelti kemur upp. Hvert mál er einstakt og unnið er samkvæmt því.

7. Móttaka og brottför

Barn þarf að finna að það sé velkomið á hverjum degi í skólann og að nærvera þess skipti máli, það getur haft áhrif á líðan barnsins allan daginn. Eins þarf að skapa kyrrláta og skemmtilega stund í lok dagsins svo barnið fari sátt heim og hlakki til að koma aftur. Kveðja skal sérhvert barn þegar það býst til heimferðar. Þegar barnið á afmæli mætir það í leikskólann og er þá komið með afmælskveðju í hólfíð sitt.

Markmið:

- ❖ Að barninu finnist það velkomið í skólann.
- ❖ Að heilsa þeim börnum sérstaklega sem hafa verið lengi í burtu.
- ❖ Að taka eins á móti öllum börnum.

Leiðir:

- ❖ Að barni sé heilsað með nafni.
- ❖ Foreldrum og barni boðið góðan daginn.
- ❖ Að hvert barn sé kvatt með nafni og því þakkað fyrir daginn.
- ❖ Að hafa punkta fyrir foreldra um barnið í lok dags.
- ❖ Að skapa kyrrláta og rólega stund fyrir barnið í upphafi og enda dags.
- ❖ Skifað er á töflu deildar hvernig dagurinn gekk fyrir sig svo að foreldrar og börn geti átt umæður um dag barnsins þegar heim er komið.

8. Fataherbergi

Í fataherbergi skóla fer fram mikilvægt uppeldisstarf. Börnin þurfa flest aðstoð við útifötin sem eru nauðsynleg vegna íslenskrar veðráttu. Sjálfsbjargarviðleitni barnanna ber einnig að örva og virða. Í fataherberginu lærir barnið smám saman að klæða sig úr og í og ganga snyrtilega frá fatnaði sínum. Þar hjálpa börnin líka hvert öðru.

Markmið:

- ❖ Að öll börn verði sjálfbjarga í fataherberginu um 5 ára aldurinn.
- ❖ Að hvetja yngri börnin til að reyna að bjarga sér sjálf.
- ❖ Að kenna þeim hugtök.

- ❖ Að þau læri að skipuleggja sig, þ.e. í hvað á að fara næst og klæða sig eftir veðri.
- ❖ Að þau læri tillitssemi og sam hjálp í þröngu fataherbergi og að hjálpa hvert öðru.
- ❖ Að þau læri að ganga vel um fötin sín og annarra.

Leiðir:

- ❖ Að hafa fá börn í einu í fataherberginu þannig að hægt sé að vinna með þeim
- ❖ Að hrósa þeim þegar vel gengur.
- ❖ Að skapa rólega stund og gefa þeim tíma þegar verið er að klæða sig í fötin.
- ❖ Að vera með veðurkort fyrir alla aldurshópa þar sem þau skiptast á að vera veðurfræðingar, þau athugi veðrið og hvernig á að klæða sig eftir því, yfirferð á veðurkortinu getur einnig farið fram í samverustundum fyrir útiveru.
- ❖ Hafa myndrænt í hvaða útiföt á að fara í í forstofunni.
- ❖ Nota fataherbergið til að ríma og klappa atkvæði „réttu mér vettl-ing-an“
- ❖ Í forstofun séu myndir af því í hvaða útiföt á að fara.

9. Matmálstímar

Með því að taka þátt í borðhaldi með börnum skapar kennarinn festu og ró. Þar gefst tækifæri til að styrkja góða borðsiði og spjalla við börnin. Þegar börn hafa náð nægum þroska eiga þau að hjálpa til við undirbúning máltíðar og frágang að máltíð lokinni. Það styrkir félagsvitund barna og þau læra að meta gildi samvinnu.

Markmið:

- ❖ Að stuðla að því að börnin verði sjálfbjarga við matarborðið.
- ❖ Að börnin læri almenna borðsiði.
- ❖ Að börnin læri að vinna saman og deila með sér verkum.

Leiðir:

- ❖ Að börnin fái að leggja á borð, ná í matinn og bjóða til borðs.
- ❖ Að skapa rólega og kyrrláta stund við matarborðið

- ❖ Að börnin skammti sér sjálf á diskana og bjargi sér að mestu leyti sjálf.
- ❖ Að börnin gangi frá mataráhöldum sínum á matarvagninn.

10. Hvíld

Nægjanlegur og reglulegur svefn og góð hvíld er öllum börnum nauðsynleg, ekki síst fyrstu ár ævinnar þegar vöxtur og þroski er hvað örastur. Svefn- og hvíldartímar eru því nauðsynlegir til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan barnanna. Hvíldartími gefur tækifæri til að skapa tengsl við hvert einstakt barn og barnahópinn sem heild.

Markmið:

- ❖ Að börnin fá tækifæri til að hvíla sig eftir hádegismat, frá erli dagsins.
- ❖ Að börnin hafi notalega aðstöðu til hvíldar með dýnum og teppum.

Leiðir:

- ❖ Að skapa góða aðstöðu fyrir hvíldina, vagna og dýnur.
- ❖ Að hafa ekki of stóra hópa í hvíldarstund, þannig að hvert barn nái góðri slökun.
- ❖ Að eldri nemendur hafi val um að taka rólega stund við rólega borðvinnu.
- ❖ Að kynna nemendum ólíkar leiðtil til hvíldar/slökunar, eins og t.d að liggja, sitja við borð að teikna, hlusta á sögur eða fara í jóga.

11. Hreinlæti

Mikilvægt er að börnunum sé hjálpað til við að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur á þann hátt að þau þroski jafnframt með sér heilbrigt viðhorf til sjálfs sín, líkama síns og sérstæðis. Í skóla skal styrkja hreinlætisvenjur barnsins.

Markmið:

- ❖ Að börnin tileinki sér almennar hreinlætisvenjur s.s. eftir salernisferðir, fyrir/eftir máltíðir, eftir útiveru, fyrir bakstur.

Leiðir:

- ❖ Að hafa umhverfið aðgengilegt fyrir börnin til að þau verði sjálfbjarga og læri að bera ábyrgð á sjálfu sér.

12. Samstarf heimilis og skóla

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barnanna. Mikilvægt er að náíð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og skóla. Foreldrar þekkja barn sitt best, þeir hafa þekkt það frá fæðingu og fylgjast með þroskaferli þess og líðan. Kennari kynnist barni í starfi skólans og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

12.1 Foreldrasamstarf

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að markmið með foreldrasamstarfi sé að:

- ❖ veita foreldrum upplýsingar um starfsemi skólans
- ❖ veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í skólanum
- ❖ afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra
- ❖ stuðla að þátttöku foreldra í starfi skólans
- ❖ rækta samvinnu og samskipti skólans og heimilanna
- ❖ skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.

Markmið skólans:

- ❖ Að veita foreldrum upplýsingar um líðan, þroska og stöðu barnsins
- ❖ Að stuðla að góðu samstarfi við foreldra
- ❖ Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi skólans
- ❖ Að gagnkvæmur trúnaður ríki milli foreldra og starfsfólks
- ❖ Að veita foreldrum jafnt og þétt upplýsingar um starfsemi skólans, hvað er að gerast hverju sinni.

Leiðir:

- ❖ Foreldrar eru boðaðir í samtal tvisvar á ári. Í október og mars. .
- ❖ Að sjá til þess að foreldrum berist upplýsingar með skóladagatali, vikulegum upplýsingapóstum frá deildum , upplýsingatöflum í fataherbergjum deilda og í gegnum upplýsingaforritið Karellen. Einnig heldur skólinn úti metnaðarfullri heimasíðu á netinu.
- ❖ Að gefa foreldrum innsýn í starf leikskólans, m.a. í formi foreldrakaffis og opinna daga..
- ❖ Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans m.a. með starfi í foreldrafélaginu.
- ❖ Að foreldrar og forráðamenn viti að þeir eru alltaf velkomnir í skólann

12.2 Kynning á skólanum

Samstarf heimilis og skóla hefst áður en barn byrjar í skólanum. Um það leiti sem barn byrjar eru foreldrar boðnir til kynningarfundar þar sem skólastjóri kynnir skólann, Aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá, uppeldistefnu skólans og aðrar stefnur. Á þeim fundi er meðal annars farið yfir foreldrahandbók Kiðagils sem geymir gagnlegar upplýsingar fyrir foreldra ásamt áætlun yfir aðlögun barnsins. Foreldrahandbók Kiðagils er aðgengileg á heimasíðu skólans <http://kidagil.karellen.is/>

13. Aðlögun í leikskóla

Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi þess og foreldranna. Fyrir margar fjölskyldur eru þetta tímamót sem krefjast breytinga á högum þeirra og geta valdið streitu. Til að auðvelda börnum og foreldrum þessar breytingar er unnið eftir sérstöku skipulagi í leikskólanum sem heitir þátttökuáætlun.

Þátttökuáætlun.

Það sem einkennir þátttökuáætlun er að athyglin beinist fyrst og fremst að börnunum, henni er ætlað að létta þeim aðskilnaðinn við foreldra. Börnin kynnast starfsfólkinu smám saman og traust skapast milli þeirra. Hin síðari ár hefur Jafnframt er eitt af markmiðum aðlögunar sé að foreldrum gefist tækifæri til að kynnast starfsfólki og treysta því.

Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp þekkingu saman, staður námstækifæra. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er þátttökuáætlun. Hún byggist á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað.

13.1 Þátttökuáætlun

Við þátttökuáætlun er tiltekinn dagur upphafsdagur leikskólans og þann dag mæta allir foreldrar og börn sem eiga að byrja á sömu deild, saman í leikskólann. Foreldrar eru boðnir á kynningarfund áður en aðlögun hefst. Þar eru þeim kynnt starfsemi skólans og farið yfir þátttökuáætlunina. Foreldrar eru með börnunum í þrjá daga. Á fyrsta degi mæta foreldrar með börnin kl. 9-11.30 og næstu tvo daga frá 8:00-15:00. Foreldrarnir eru inni á deild með börnum allan tímann. Foreldrar sinna eigin börnum, skipta á þeim,

gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Starfsfólkið tekur að sjálfsögðu líka þátt, skipuleggur daginn, deilir út verkefnum. Í hádeginu eru fundir með foreldrum. Á fjórða degi koma börnin eins og vistunartíminn segir til um, kveðja foreldrana og eru sótt í fyrra lagi.

Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum, þeir sjái starfsfólk í verki. Þeir kynnast ekki bara starfsmönnum heldur öðrum börnum, foreldrum og því sem á sér stað í leikskólanum. Það er jafnframt talinn kostur við þátttökuaðlögun að foreldrar tengjast og milli þeirra skapast vinskapur og traust.

Kostir sem leikskólakennarar sjá við þátttökuaðlögunina er að það skapast meiri nánd við foreldrana. „Þeir væru ekki í hlutverki gesta“, „þeir væru heimavanir í leikskólanum“.

(Tekið úr grein eftir Kristínu Dýrfjörð).

Aðlögunin hér að ofan á við 2ja og 3ja ára börnin, með eldri börnum er einnig lagt upp með þrjá daga en oft á tíðum þurfa eldri börn með reynslu af leikskóla, styttri tíma í aðlögun.

14. Dagleg samskipti

Foreldrar þurfa að fylgjast með því sem hefur drifið á daga barnsins í skólanum og kennari þarf að vita um helstu atburði í lífi barnsins utan skólans. Mikilvægt er að foreldrar láti kennara barnsins vita ef breytingar verða á högum þess og fjölskyldulífi.

Markmið:

- ❖ Að stuðla að góðum og traustum samskiptum við foreldra.

Leiðir:

- ❖ Að daglegt upplýsingaflæði fari fram í fataherbergi og á deildinni þegar barn kemur og er sótt á daginn. Mikilvægt að gagnkvæmt upplýsingaflæði sé milli foreldra og starfsmanna, s.s. ef breytingar verða á högum barnsins.
- ❖ Að Karellen samskipta smáforritið sé kynnt fyrir forráðamönnum og notað til samskipta.

15. Foreldrasamtöl

Foreldrar þurfa að fá upplýsingar um stöðu barns og líðan þess í leikskóla. Farið er með allar upplýsingar um barnið sem trúnaðarmál.

Umsjónarkennari barnsins býður foreldrum í fyrsta samtal, vikuna áður en barnið byrjar í aðlögun. Ef það næst ekki er fyrsta samtal tekið á aðlögunardögum.

Eftir það eru tvö foreldrasamtöl á hverju skólaári. Annað í október og hitt í mars. Farið er yfir þroska barnsins, líðan þess og stöðu í skólanum. Stuðst er við samræmd foreldraspruningablöð sem sett eru saman af deildarstjórum Kiðagils. Foreldrasamtals blaðið er byggt á þroskalistum sem áður voru notaðir og læsisbók Kiðagils.

Að auki fer fram viðtal hvenær sem foreldri óskar þess eða kennari telur þörf á því.

15.1 Samstarf og samtöl við foreldra

Nauðsynlegt er að foreldrar gefi kennara upplýsingar um hagi barnsins og fræðist jafnframt um starf deildarinnar. Kennarinn þarf að fá heildarmynd af þroska barns og stöðu þegar í upphafi.

16. Almennar upplýsingar og fræðsla

Skólanum ber að veita foreldrum barna upplýsingar og fræðslu um skólastarfið.

Það er gert með daglegum upplýsingum á upplýsingatöflu í fataherbergi deilda á heimasíðu skólans, í gegnum forritið Karella og á foreldrafundum.

Almennar upplýsingar eru m.a:

- ❖ Í vikulegum póstum frá deildum.
- ❖ Í formi námskrá sem fer á heimasíðu Kiðagils fyrir hvern mánuð.
- ❖ Í formi deildarkynninga á haustin þar sem hver deild kynnir starf sitt, sérstöðu og starfsfólk.
- ❖ Á foreldrafundi í samráði við foreldrafélagið einu sinni ári, þar sem oft er boðið upp á fræðsluefni.
- ❖ Á heimasíðu skólans.(<http://kidagil.karellen.is/>)

17. Þátttaka foreldra í skólastarfinu.

Í takti við aukna viðveru barna í skólum og þar af leiðandi síaukinna áhrifa skólans á líf barna aukast möguleikar foreldra til þess að taka þátt og hafa áhrif á skólastarfið.

17.1 Foreldraráð:

Skv. Lögum um leikskóla nr. 90 frá 12. júní 2008 skal starfa við skólann foreldraráð. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Kjör í foreldraráð fer fram í september ár hvert og er því kosið til eins árs í senn. Foreldraráðið setur sér starfsreglur og skólastjóranum ber að starfa með því. Hlutverk ráðsins er að gefa umsagnir til leikskóla og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans. Foreldraráð skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á skólastarfinu.

17.2 Foreldrafélag

Við sérhvern skóla skal starfa foreldrafélag og skulu fundnir haldnir reglulega. Í foreldrafélagi sitja bæði foreldrar og valin starfsmaður skólans.

Markmið:

- ❖ Að foreldrar séu virkir og taki þátt í starfssemi skólans.
- ❖ Að foreldrar greiði félagsgjöld sem nýtist í þágu barnanna.
- ❖ Að foreldrar séu vel upplýstir um það starf sem þar fer fram.
- ❖ Að haldinn sé aðalfundur einu sinni á ári þar sem rædd eru venjuleg aðalfundarstörf og fræðslufundir.

Leiðir:

- ❖ Að foreldrafélagið haldi jólaball.
- ❖ Að foreldrafélagið taki þátt í kostnaði við sveitaferð að vori.
- ❖ Að foreldrar haldi grillhátíð að vori sem einnig fer fram útskrift elstu barnanna.
- ❖ Að foreldrafélagið leggi fé til ýmiskonar dægrastyttingar t. d. hafa leiksýningar og jóga verið keyptar inn í skólann á vegum félagsins.
- ❖ Að foreldrar nýti tillögurétt sinn á deildarkynningum og komi fram með hugmyndir um starfið á deildinni.

17.3 Foreldrafélagið Vinarót

Foreldrafélagið Vinarót var stofnað 13. febrúar 1996.

Lög félagsins:

1.gr. Félagið heitir Vinarót og eru allir foreldrar/forráðamenn barna í skólanum Kiðagili sjálfkrafa félagar. Félagið er einnig opið starfsfólki Kiðagils.

2.gr. Markmið félagsins er að tryggja sem besta velferð barna í Kiðagili og styrkja samskipti milli foreldra/forráðamanna, starfsfólks og barna.

3.gr. Leiðir að markmiðum skal félagið ræða á aðal- eða félagsfundum. Öllum félagsmönnum er frjálst að koma með tillögur til stjórnar um fræðslu, efni og uppákomur eða annað það sem mætti styrkja eða efla félagið. Haldin skal fundagerðarbók og bókfæra allar ákvarðanir bæði á almennum félagsfundum sem og stjórnarfundum.

4.gr. Aðalfundur skal haldinn að hausti ár hvert á tímabilinu 1. september til 15. nóvember og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara.

5.gr. Stjórn félagsins skulu skipa 6 foreldrar ásamt 1 starfsmanni frá skólanum. Stjórnin skal halda 7-9 fundi á ári og oftast ef þurfa þykir.

6.gr. Lögum félagsins má einungis breyta á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist stjórn félagsins í síðasta lagi 3 dögum fyrir auglýstan félagsfund.

7.gr. Gjöld félagsins skulu innheimt tvisvar á ári 1. nóvember og 1. maí með gíróseðli. Félagsgjöldin skulu ákveðin ár hvert á aðalfundi.

18. Opið hús

Æskilegt er að bjóða foreldrum og aðstandendum barnanna öðru hverju í sérstaka heimsókn í skólann, t.d. í tengslum við sýningar og hátíðir.

Á vorin er opið hús og grillveisla í Kiðagili þar sem foreldrum gefst tækifæri á að skoða sýnishorn af sköpunarverkum barnanna yfir veturinn. Að sjálfsögðu eru foreldrar og forráðamenn alltaf velkomnir í heimsókn, hvort sem er til að taka þátt í starfinu eða vera áhorfendur.

19. Þróunarstarf í skólum

Markmið þróunarstarfs er að leita leiða sem miða að endurbótum og nýbreytni í skólustarfi. Þróunarverkefni felur í sér afmarkað og tímabundið viðfangsefni með vel skilgreindum markmiðum. Þegar hugað er að þróunarstarfi er nauðsynlegt að setja niður fyrir sér þann starfsgrundvöll sem aðhyllt er.

Þróunarstarf hefur m.a. verið skilgreint á eftirfarandi hátt:

Pettersson (1991 bls.31) segir að Uppeldislegt þróunarstarf sé samheiti yfir nýbreytni starf sem felur m.a. í sér allt frá því að reyna nýjar aðferðir og leikefni til framkvæmda kerfisbundinna áætlana

Starfsfólk Kiðagils hefur unnið að tveimur þróunarverkefnum. Árið 1999-2001 var unnið verkefnið „Eftir því sem öryggið eykst“ sem hafði það að markmiði að starfsfólk

tileinkaði sér vinnubrögð tengd ítalska uppeldisfræðingnum Loris Malaguzzi en starfsaðferð hans hefur verið kennd við borgina Reggio Emilia.

„Trítlað yfir brúna“ var heiti þróunarverkefnis sem unnið var í skólanum í samstarfi við Giljaskóla árið 2003-2004. Þar var markmiðið að efla tengsl elstu nemenda leikskólans og yngstu nemenda grunnskólans. Vorið 2009 hófst vinna við nýtt þróunarverkefni í samvinnu við Kennsluþróunarsvið Háskólans á Akureyri, sem fékk vinnuheitið „Leikskólalæsi“. Verkefnið hefur að markmiði að kenna börnum lestur í gegnum leik allt frá því að þau byrja leikskólagöngu sína. Við undirbúning aðferðarinnar er Byrjendalæsi haft til hliðsjónar sem lestrarkennsluáðferð í grunnskóla og einnig er litið til „Bernskulæsis“ um hvernig börn tileinka sér lestur í gegnum umhverfi sitt. Fyrst og fremst verður leikurinn hafður að leiðarljósi og þróaðar verða aðferðir til þess að nýta hann markvisst til hugtaka- og lestrarkennslu.

20. Stjórnun og stjórnunarhættir

Fram kemur í Leikskólastefnu FÍL (2000, bls. 30) að þegar skólanámskráin er öllu starfsfólki ljós, þarf skólastjórinn ekki stöðugt að hafa áhyggjur af stefnumiðunum og hvort starfsmannahópurinn fylki sér um þau í samstíga göngu. Hann getur á hinn bóginn létt á göngunni með því að ryðja hindrunum úr vegi, útvegað efnivið, hvatt til dáða og unnið að nauðsynlegum stjórnunarverkefnum. Hann getur notið þess að skynja samhuginn á leiðinni, samfagnað þegar ferðalaginu lýkur og sagt til um næsta áfangastað. Gangan sér um sig sjálf.

Skólastjórinn gegnir lykilhlutverki í þróun skólastarfsins. Skólastjórinn skapar aðstæður sem stuðla að því að auka hæfni starfsmanna og betri menntun barna. Við árangursríka skólaþróun er mikilvægt að skólastjóri leggi áherslu á umræður um innihald skólanámskrárinnar, sérstakar áherslur í skólastarfinu og starfsaðferðir. Í umræðum starfsfólks birtast viðhorf og lífsskoðanir hvers og eins.

Skólastjórinn þarf að gera sér grein fyrir hvað það er sem hann telur mikilvægt, hvernig hann vill að samskiptum sé háttað og hvaða stjórnunarstíl hann beitir.

Skólastjóri ber ábyrgð á að heildarstefna í uppeldis- og menntamálum skólans sé vel gerð. Þá sér hann til þess að áætlanir séu gerðar og að það fari fram reglulegt mat á starfi skólans.

20.1 Fundir

Skólastjóri ber ábyrgð á að starfsmannafundir séu haldnir og stjórnar þeim. Skólastjóri skapar aðstæður fyrir aðra fundi, s.s. deildarfundi.

Skipulagsdagar eru tveir á skólaárinu. Þessir dagar eru notaðir til að skipuleggja og gera námsáætlanir. **Námskeiðsdagur** er árlega og starfsfólk sækir þá fræðslu um málefni sem eru ofarlega á baugi í skólanum.

Starfsmannafundir. Hver leikskóli á Akureyri fær 48 klukkutíma á ári sem ætlaðir eru til starfsmannafunda og skipulagsdaga. Venjan á Kiðagili er sú að einn heill 8 tíma dagur er einu sinni á önn. Afgangurinn af tímunum er notaður í hálfra daga sem ýmist eru frá 8-12 eða frá 12:15-16. Skipulag starfsmannafunda er alltaf borið undir foreldraráð til samþykktar. Á starfsmannafundum er fundarritari og fundarstjóri sem heldur utan um fundinn. Fundaritari skráir það sem fram fer á fundinum. Skólastjóri er ábyrgðaraðili og sér um að fundirnir séu haldnir.

Markmið:

- ❖ Að allt starfsfólk skólans hittist og tali saman um málefni skólans og taki sameiginlegar ákvarðanir.
- ❖ Að tryggja betri upplýsingamiðlun til starfsfólks.
- ❖ Að tryggja fræðslu og endurmat á starfseminni.

Stjórnarfundir eru haldnir einu sinni í viku 1 klst. í senn. Þá sitja deildarstjórar, sérkennslustjóri og skólastjórnendur. Skólastjóri ber ábyrgð á að fundirnir séu haldnir og ritar fundargerð.

Markmið:

- ❖ Að miðla upplýsingum
- ❖ Að ræða málefni skólans
- ❖ Að stuðla að framþróun skólans
- ❖ Að taka ákvarðanir um sameiginleg mál.
- ❖ Að samræma starfið

Deildarfundir eru haldnir á vinnutíma einu sinni í mánuði á hverri deild. Funartími er 1 klst. Deildarfundir eru einnig hluti af starfsmannafundum. Framkvæmd deildarfunda fer þannig fram að deildir aðstoða hvor aðra við afleysingu og gera hvor annarri kleift að halda auka deildarfundi.

Markmið

- ❖ Að miðla upplýsingum innan deildarinnar.

- ❖ Að samræma starf innan deildarinnar.
- ❖ Að taka ákvarðanir sem varða deildina.
- ❖ Að fara yfir SMT verklag og reglukennslur.

20.2 Boðleiðir

Skólastjóri sér til þess að starfsmenn geti kynnt sér nýjungar í starfi og miðlað þekkingu sinni og upplýsingum til annarra starfsmanna. Skólastjóra ber að sjá til þess að boðleiðir séu skýrar innan skólans, í allar áttir.

Boðleiðir Kiðagils:

- ❖ Starfsmannafundir/deildafundir/stjórnarfundir.
- ❖ Undirbúningstímar kennara/leiðbeinanda.
- ❖ Upplýsingatafla í starfsmannarými.
- ❖ Fundargerðir frá stjórnarfundum og samráðsfundum eru sendar í pósti á alla starfsmenn.
- ❖ Tölvupóstur til starfsmanna.

20.3 Samstarf

Skólastjóri skapar aðstæður til að gott samstarf sé á milli deilda, einnig til að koma á góðu samstarfi við foreldra. Hann stuðlar að samstarfi við viðkomandi grunnskóla þannig að það skapist góð tengsl milli skólastiga og samfella myndist í námi barnsins.

20.3.1. Samstarf milli deilda

- ❖ Eldri deildirnar hafa samstarf í formi vinnuhópa og í útiveru.
- ❖ Einnig heimsóknir milli deilda og val á milli deilda

Markmið:

- ❖ Að börn og starfsfólk kynnist innbyrðis.
- ❖ Að börn og starfsfólk beri virðingu fyrir öðrum og eigum annarra.
- ❖ Að börnin fái að njóta fjölbreytileikans sem býr í einstaklingnum.
- ❖ Að kynnast húsnæði og aðbúnaði skólans.

Leiðir:

- ❖ Að hittast í morgunverðarstundinni.
- ❖ Að hittast í útiveru.

- ❖ Að hittast í vinnustundum og á opnum degi.
- ❖ Að hittast í vali.

20.3.2. Samstarf milli leikskóla og grunnskóla:

Milli kennara:

A.m.k. 2 upplýsingafundir á vetri með kennurum beggja skólastiga. Þar er vetrarstarfið undirbúið og námsefnið skoðað. Ráðleggingar eru veittar á báða bóga.

Markmið:

- ❖ Að stuðla að vellíðan barnanna við flutning milli skólastiga.
- ❖ Að byggja kennslu á fyrri reynslu barnanna.
- ❖ Að samfella skapist í námi barnanna.

Leiðir:

- ❖ Að elstu börnin fari í nokkrar heimsóknir yfir veturinn í grunnskólann.
- ❖ Að elstu börnin taki þátt í starfi grunnskólans.
- ❖ Að elstu börnin skoði húsnæði og umhverfi grunnskólans.
- ❖ Að lögð sé áhersla á skólastofuna, bekkinn og kennarana.
- ❖ Að verðandi nemendum grunnskólans er boðið á generalprufu vegna árshátíðar grunnskólans.
- ❖ Að fyrsti bekkur grunnskólans komi á Kiðagil í heimsókn.

21. Verkaskipting og ábyrgðarsvið

Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans, hann ber rekstrarlega sem og faglega ábyrgð á starfi skólans. Starfsmannahópurinn þarf að koma sér saman um verkaskiptingu innan skólans og skilgreina starfshlutverk hvers og eins. Með því að virkja aðra stjórnendur innan skólans til þátttöku og ábyrgðar í rekstrarlegum umræðum og ákvörðunum er auðveldara að gæta hagræðis í rekstri án þess að það rýri gæði starfsins.

Deildastjórar stjórna sínum deildum og bera ábyrgð á því starfi sem þar fer fram.

Skólastjóri sér um daglegt starf í skólanum. Hann ber ábyrgð á rekstrarlegu og faglega starfi innan skólans.

21.1 Starfsmannasamtöl

Í starfsmannasamtölum eru ræddar kröfur og væntingar af beggja hálfu, þ.e. skólans og starfsmannsins. Skólastjórinn þarf að vera búinn að gera sér grein fyrir markmiðum og tilgangi áður en hafist er handa og bæði starfmaður og stjórnandi þurfa að vera vel undirbúnir. Skólastjórinn þarf að hafa ákveðna umræðupunkta sem hann byggir öll starfsmannasamtöl á; árangur í starfi, starfsumhverfi, starfssvið og aðstæður, þróun í starfi og annað. Í starfsmannaviðtölum gefst tækifæri til að veita stuðning og gefa uppbyggilega gagnrýni.

Skólastjórinn gerir starfsmanni sínum grein fyrir væntingum og kröfum skólans til starfsmannsins.

Markmið:

- ❖ Að rætt sé við hvern starfsmann um líðan, vinnuframlag hans og þróun í starfi.

Leiðir:

- ❖ Að Starfsmannasamtöl séu einu sinni á ári.
- ❖ Að skólastjóri bjóði aðstoðarskólastjóra, sérkennslustjóra, deildastjórum og matráðum í samtöl.
- ❖ Að deildastjórar bjóði starfsfólki sinna deilda í samtöl annaðhvert ár.
- ❖ Að skólastjóri bjóði starfsfólki skólans í samtöl annaðhvert ár.

21.1.1 Fagleg aðstoð

Skólastjóri sér til þess að leitað sé aðstoðar sérfræðinga, hvort heldur er um að ræða einstök börn eða allan skólann. Þetta er einnig gert að frumkvæði sérkennslustjóra.

Þegar um er að ræða einstök börn er undantekningalaust óskað eftir leyfi foreldra áður en hafist er handa.

Vinnureglur skólans:

Leikskólaráðgjafi kemur reglulega inn í skólann og getur veitir faglegar ráðleggingar, hvort heldur sem er varðandi einstök börn, barnahópin eða deildina í heild. Skólinn hefur sérkennslustjóra sem hefur umjón með sérkennslubörnum. Hann gerir einnig frumathugun á þeim börnum sem grunur leikur á að eigi við einhverja þroskaröskun að stríða.

Aðrir sérfræðingar sem hægt er að leita til eru:

Sérkennsluráðgjafi v/ sérkennslubarna, starfandi á fjölskyldudeild.

Skólateymi. Talmeinafræðingar, Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar.

Ef grunur er um þroskaröskun, gilda ákveðnar vinnureglur:

Deildarstjóri býður foreldrum í samtal ásamt sérkennslustjóra skólans, þar sem aðstæður barnsins eru ræddar. Ef deildarstjóri eða sérkennslustjóri eru með tillögur að úrræðum eru þær ræddar og tekin ákvörðun um hvort þau eru reynd og hvaða athuganir sé heppilegast að gera.

Samtal sérkennslustjóra og deildarstjóra með foreldrum þar sem kynntar eru leiðir til frumathugana á þroskastöðu barnsins, s.s. Íslenski þroskalistinn, AAL listinn (atferlisathugunarlisti) ofl.

Ef ástæða þykir eru niðurstöður athugana sendar sérkennsluráðgjafa á fjölskyldudeild ásamt umsókn um aðstoð þar sem fram kemur hvað það er sem óskað er eftir að verði skoðað hjá viðkomandi barni.

22. Mat á leikskólastarfi

Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan. Mat skal gert með hliðsjón af lögum, reglugerð og Aðalnámskrá leikskóla. Sérstaklega skal gerð grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum matsins. Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti skólans og tengist markmiðum hans og áætlunum.

Foreldrakönnun sem gerð er annað hvert ár

Könnun meðal starfsmanna sem gerð annað hvert ár.

22.1 Sjálfsmat -Innra mat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í skólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði skólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati skal taka mið af markmiðum og stefnu skólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim.

Sjálfsmatið gerir starfsfólki auðveldara að vinna að markmiðum skólans.

Eftirfarandi matsaðferðir eru notaðar í Kiðagili:

- ❖ Starfsmannasamtöl eru í formi snerpusamtala sem fara fram 5 sinnum yfir skólaárið. Leikskólastjórar taka tvö af þessum samtölum og deildarstjórar tvö. Síðasta samtalið tekur leikskólastjóri. Fyrirfram ákveðnar spurningar eru sendar á starfsmenn og eru samtölin boðuð með góðum fyrirvara. Snerpusamtölin eiga að vera stutt og hnitmiðuð. Þau

koma inn á þætti eins og líðan í starfi, frammistöðu, starfsumhverfi og starfsþróunarmöguleika.

- ❖ Sjálfskönnun í anda Fisks er send til allra starfsmanna.
- ❖ HLJÓM-2 er lagt fyrir börn 4,9 ára til 6.1 árs. Prófið kannar hljóðkerfisvitund barna og gefur forspá um hversu vel barninu mun ganga að læra lestur. Niðurstöður eru kynntar í foreldrasamtölum.
- ❖ Stafabekkingarkönnun er lögð fyrir 3 elstu árgangana þrisvar á skólaárinu, að hausti, um áramót og að vori. Á vorönn er kannað hvar yngstu börnin standa.
- ❖ EFI-2 er lagt fyrir börn á fjórða aldursári. Prófið metur málþroska barna.
- ❖ Foreldrasamtöl eru tekin tvisvar á ári þar sem fari er yfir þroska barnsins. Kennarar fylla út foreldrasamtalsblað og ræða við foreldra um þroska, bæði vitsmunalegan og félagslegann.
- ❖ SMT skráningar eru gerðar fyrstu viku í hverjum mánuði til að kennarar geti aðstoðað nemendur betur að læra reglur skólans.
- ❖ Kennarar fylla einnig út Pýramída SMT og eru niðurstöður hans notaðar til að kortleggja þá nemendur sem þurfa á aukinni hjálpi að halda í því að tileinka sér reglur og auka samskiptahæfni og félagsþroska.
- ❖ Læsislistar. Hópstjórar fylla út læsislista fyrir hvert barn og hver deild er merkt út frá einkennandi lit. Sett eru viðmið um að nemendur nái þeim þáttum sem sett eru fram út frá aldri barna hverju sinni. Gerð er umbótaáætlun og samráð við sérkennslustjóra ef nemendur eru ekki að ná viðeigandi markmiðum í læsis/þroskalistum, sjá kafla „mat á námi“.

22.2 Viðmið fyrir sjálfsmat (Aðalnámskrá leikskóla, 1999,39-44)

Matið þarf að vera:

- ❖ Formlegt
- ❖ Altækt
- ❖ Áreiðanlegt
- ❖ Samstarfsmiðað
- ❖ Umbótamiðað
- ❖ Stofnana- og einstaklingsmiðað
- ❖ Greinandi
- ❖ Lýsandi
- ❖ Opinbert

Hægt er að setja matið í þrjá höfuðflokka:

- ❖ Mat á leikskóla sem stofnun
- ❖ Mat á uppeldisstarfi
- ❖ Mat á einstaklingum og barnahópum

Við innra mat á leikskólastarfi skulu eftirfarandi atriði athuguð:

| | |
|--------------------|--------------------------------------|
| Börn | Skólanámskrágerð |
| Starfsfólk | Stjórnunarhættir |
| Samskipti | Samskipti og tengsl utan leikskólans |
| Líðan | Samstarfsverkefni og þróunarstarf |
| Leikur | Húsnæði, útileiksvæði og búnaður |
| Námssvið leikskóla | Samstarf heimilis og leikskóla |

22.3 Gæðarráð

Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög og reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla. Innra mat stuðlar að umbótum sem bætir skólastarfið og efli skólaþróun. Þættir innra mats fara eftir gæðaviðmiðum Akureyrar og er stöðugt í endurmati og skoðun í öllu starfi skólans. Ábyrgðaraðilar eru gæðaráð og í því sitja hagsmunaraðilar allra sem koma að skólanum. Þ.e.a.s. fulltrúi foreldra, skólastjóra og úr öllum stéttarfélagum. Gæðaviðmiðin eru innra mat, foreldrasamstarf, uppeldi og menntun, leikskólabragur og stjórnun. Gerð er umbótaáætlun og skrifuð innra matsskýrsla árlega sem finna má á heimasíðu skólans.

23. Ytra mat

Menntamálaráðuneytið lætur, samkvæmt lögum um leikskóla, fara fram skipulegt ytra mat a.m.k. á einum leikskóla á ári. Rekstraraðili leikskóla getur einnig látið framkvæma slíkt mat. Mati er ætlað að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla.

24. Öryggismál

Foreldrar eiga að geta treyst því að öryggi barns sé tryggt af fremsta megni á meðan á dvöl þess stendur. Barnið skal ætíð vera undir eftirliti þannig að það hvorki skaði sjálft sig né aðra í leikskólanum.

Stefna skólans í öryggismálum á að vera foreldrum sýnileg, í handbók fyrir starfsfólk er svo farið ítarlegar í vinnureglur varðandi einstaka þætti.

24.1 Slys

Fyrstu viðbrögð við slysum byggja á þekkingu, þjálfun og reynslu starfsmanna. Öll slys eru skráð í Karelle leikskólakerfið. Í öllum slysatilfellum þar sem vafi er á um greiningu, er hringt á slysadeild og leitað ráða. Foreldrar eru látnir vita og hafðir með í ráðum eftir aðstæðum.

24.2 Áfallahjálp

Andlegum áföllum barns er sinnt eins og best verður við komið hverju sinni.

Það eru ótalmargir þættir í okkar daglega lífi sem hafa áhrif á tilfinningalíf okkar.

Veikindi, skilnaður, fjárhagsáhyggjur, nýtt barn, erfiðleikar ýmis konar innan fjölskyldunnar, allt þetta snertir líf okkar.

Fullorðnir sem og börn bregðast mjög mismunandi við áföllum/aðstæðum og “sorgarferlið” getur staðið misjafnlega lengi yfir. Okkur sem fyrir utan það stöndum getur ýmist þótt það of stutt eða of langt. Einnig getur fólk verið misjafnlega vel upplagt á hverjum tíma til þess að takast á við hluti. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hversu misjöfn við erum, okkur ber að virða tilfinningar hvers annars og veita stuðning þegar það á við.

Starfsmannahópurinn þarf að sýna samheldni og samstöðu, virða tilfinningar hvers annars og barnanna, en allt innan eðlilegra marka.

Þegar um skilnað er að ræða er nauðsynlegt að kennarar leikskólans fái upplýsingar um slíkt frá foreldrum, til að geta stutt barnið í gegnum breytingarnar sem skilnaður hefur í för með sér. Ef andlát aðila sem tengist leikskólanum er að ræða er hvert og eitt tilvik metið fyrir sig. Bæði hvað varðar tilkynningar og ákvarðanatöku. Á sama hátt og við tilkynnum börnunum um andlát segjum við þeim einnig frá skilnaði, því það getur verið börnunum mikið áfall þegar foreldrar þess skilja.

Mikilvægt er að allir starfsmenn á deildinni viti ef foreldrar eru að skilja/eða eiga í einhverjum öðrum erfiðleikum.

Að starfsmenn séu vakandi og tilbúnir að ræða við barnið ef það vill tjá sig. Alls ekki að þrýsta á barnið.

Markmið:

- ❖ Að geta brugðist rétt við þeim áföllum sem börn og starfsmenn verða fyrir.
- ❖ Að koma í veg fyrir óöryggi og ráðaleysi starfsmanna.

- ❖ Að hjálpa hvort öðru að takast á við sorg og áföll sem gerast innan skólans eða sem hafa áhrif inn í skólann.
- ❖ Að efla þekkingu starfsmanna á sorg og áföllum.

24.3 Verklagsregla um andlega skyndihjálp:

Tilgangur og afmörkun:

- ❖ Að verða öryggari í starfi.
- ❖ Að starfsmenn verði betur í stakk búnir til að veita börnum og starfsmönnum aðstoð í erfiðleikum þeirra.
- ❖ Að styrkja getu okkar til að takast á við sorg og missi.

24.4 Ábyrgð:

Í áfallateymi eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar og meðlimir „Litla rauða krossins“ í honum er einn starfsmaður af hverri deild hverju sinni, sem og aðstoðarskólastjóri.

Verklag:

Ef starfsmaður fréttir af einhverju áfalli sem tengist skólanum skal hann strax láta skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra vita. Þeir skulu stjórna aðgerðum í samráði við meðlimi Litla rauða krossins. Þessi hópur hittist ef þurfa þykir og þeir sjá um að tilkynna starfsfólkinu **strax** hvað hefur gerst.

Ef barn/starfsmaður/maki/foreldri/barn starfsmanns deyr um helgi, þá skal hringja í starfsmenn og láta vita.

Allir starfsmenn skólans fá námskeið/fræðslufund um sorg/sorgarviðbrögð þriðja hvert ár.

Stjórnendur skulu leita aðstoðar til djákna/prests ef þörf þykir.

Tilvísanir:

Efni um sorg og sorgarviðbrögð geymt í bókasafni skólans.

24.5 Brunavarnir

Stefna þarf að góðu samstarfi við eldvarnaeftirlit og slökkvilið um brunavarnir og viðbrögð við bruna. Starfsmenn kynna sér vel brunaútgönguleiðir, staðsetningu slökkvitækja og notkun þeirra og æfa rýmingu skólans.

24.6 Eftirlit með öryggisþáttum

Allur búnaður, húsnæði og lóð er skoðað tvisvar á ári og úrbætur gerðar eftir þörfum. Skólalóð er ætíð yfirfarin áður en börnin fara út á morgnana.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla, 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Leikskólastefna Félags íslenskra leikskólakennara, 2000. Reykjavík, Félag íslenskra leikskólakennara.

Pettersen Reidar J.,1991, Fornýelse i barnehagen. Innförning i pedagogisk utviklingsarbeid. Osló, Universitetsforlaget A.S.

Mat á námi

Hér fyrir neðan má sjá matsatriði sem Kiðagil miðar að tengdum aðalnámskrá leikskóla. Til að fylgjast með framför nemenda vinna kennarar Kiðagils með Læsislista. Þeir eru miðaðið við hverja deild og er yfirferð þeirra í höndum hópstjóra. Læsislistana er að finna á heimasíðu Kiðagils ásamt viðmiðum fyrir hvern aldur.

Gleym mér ei Læsi 2- 3 ára

Læsi snýst um kerfisbundin tákni og miðlunartækni en þó fyrst og fremst um merkingarsköpun þar sem tvær manneskjur eða fleiri miðla af reynslu sinni. Á venjulegu máli sem allir skilja má segja að um sé að ræða miðlun orða og reynslu á milli manna. Ekki bara hvað manneskjan segir heldur líka hvernig hún kemur skoðun sinni á framfæri og hvernig sá sem á hlýðir skilur skilaboðin.

Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki mannanna til boðskipta og hugsunar. Því ber að leggja áherslu á að nýta málið í víðum skilningi. Það gerum við með samtölum, spurningum, lestri, sögum, kvæðum og þulum. Þá er mikilvægt að hvetja börnin til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli. Málörvun er best sinnt í leik barnanna.

Á Gleym mér ei er unnið með læsi. Sú vinna fer fram í gegnum leikinn og lögð er áhersla á að efla hugtakaskilning með því að gera sögur, söngva og hin ýmsu verkefni myndræn og áþreifanleg. Börn á aldrinum 2-3 ára læra margt í gegnum skynjun og er það haft að leiðarljósi í öllu starfi á Gleym mér ei. Lögð er áhersla á að hafa bækur ætíð í boði fyrir börn og þeim kennt að umgangast þær, velta fyrir sér uppbyggingu þeirra, fletta blaðsíðu fyrir blaðsíðu og með auknum þroska læra þau að lesa með aðstoð mynda. Lögð er áhersla á að efla skilning á málinu.

Tjáning er mikilvægur þáttur og hvetjum við börnin til að nýta sér málið í leik og starfi. Orð og bókstafir eru sýnilegir og læra börnin fljótt að þekkja stafinn sinn og sinna nánustu eða jafnvel stafi allra barna og starfsfólks á deildinni. Læsi er ekki bara að læra bókstafi og lestur heldur er það samheiti yfir marga þætti eins og samskipti, tákni, menningu, hljóðmyndun, myndmál, ýmis táknerfi, umhverfið og hlustun. Lagt er upp með því að börnin læri að tjá sig segja sína skoðun og ígrunda í leiðinni.

Læsi 2-3 ára

| | |
|----------------|---------------|
| Markmið | Leiðir |
|----------------|---------------|

| | |
|--|--|
| Að hafa lestarhvetjandi umhverfi | Hafa allt merkt þegar börnin byrja í leikskólanum |
| Að kynna fróðleik úr bókum, sögustund og söngur. | Lesna markvisst fyrir börnin og leyfa þeim að hafa aðgengi að bókum, söngstund vinna með hreyfisöngva |
| Að læra heiti forma og stærð lögunar | Hafa ýmiskonar form sem börnin geta leikið sér með og spurt hvað heitir |
| Að leggja áherslu á og efla hugtakaskilning barnanna með orðum og myndum | Tala við börnin og kenna þeim hvaða merkingu hugtökin hafa. Gera þau ápreifanleg og myndræn líka |
| Að hafa orð og bókstafi sýnileg um alla deild sem vekur áhuga barnanna | Setja bókstafi þeirra á stóla, gólf, loft og hvar sem hægt er að koma því við |
| Að efla áhuga barnanna á ritun og málskilning | Hafa blöð og liti aðgengilegt börnunum sem hvetur þau til að örva hugmyndaflugið og átta sig á ritmálinu |
| Að hjálpa börnunum að öðlast skilning á rituðu máli og að tákna hafa merkingu | Hafa bækur, form og tákna aðgengileg og kenna börnunum hvað það þýðir. Lesa bækur fyrir börn jafnt texta sem myndir og tákna |
| Að hvetja börnin til að setja orð á upplifanir sínar . | Þjálfva börnin í að setja orð á athafnir í leik og starfi. Leiðrétta þau og hjálpa við að koma orðunum frá sér á réttan hátt |
| Að stuðla að uppbyggileg og jákvæð og samskipti sem ýta undir sjálfmynd barnanna | Að hjálpa börnunum í samskiptum við önnur börn, geta sett sig í spor annarra. |
| Að hafa myndrænt dagskipulag | Hafa dagskipulagið myndrænt því þannig átta börnin sig betur á skipulagi dagsins |
| Að syngja lög sem börnin geta lært | Syngja lög með myndum, setja lögin upp á vegg í myndaformi því það eykur orðaforðann og skilning á hlutum |

Sjálfbærni 2-3 ára

Með sjálfbærni er átt við að engin ein kynslóð hefur rétt umfram aðra til þess að rýra arfleidd sína til næstu kynslóðar. Lagt er til grundvallar að hver kynslóð skili þeirri næstu umhverfi sínu og náttúru, í ekki lakara ásigkomulagi en hún tók við henni. Hugtakið er gildishlaðið og felur í sér samábyrgð manna, jafnvægi í náttúrunni, efnahagslegt jafnvægi, jafnvægi í samfélaginu og lýðræði. Það felur einnig í sér nám sem eykur m.a.

færni barna og ungmenna til þess að takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsmál sem stuðlar að vilja þeirra og áhuga til þess að taka þátt í samfélaginu.

Á Kiðagili er lögð áhersla á að auka virðingu og þekkingu barna og fullorðinna á náttúrunni. Skólinn starfar eftir gildum Grænánaverkefnisins án þess að vera formlegur Grænánaskóli.

Þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar er manningnum lífsnauðsynlegt þar sem afkoma hans er undir henni komin. Börn þurfa að kynnst fjölbreytileika náttúrunnar og njóta hennar um leið og þau læra að finna til ábyrgðar gagnvart henni. Starfsmenn fræða börnin um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þess verður best við komið með ferðum út í náttúruna þar sem börnin gera sína eigin athuganir og vinna úr þeim eftir getu. Einfaldar eðlis og efnafræði tilraunir vekja áhuga og ánægju barnanna.

Á Gleym mér ei eru börnunum kennt að flokka um leið og þau byrja í leikskólanum. Í upphafi læra þau að flokka matarúrganga og svo koll af koll annað sem flokka skal. Börnin eru frædd um lífræna ræktun og taka þátt í henni með því að gróðursetja fræ og fylgjast með hvað vex af því. Þá er fjallað um vatnsnotkun og eiga allir brúsa með vatni sem eru aðgengilegir. Flokkun efna eins og pappír og plast er komið fyrir í sérstökum tunnum og kössum og er börnunum sýnt hvar það á að vera. Hver deild sér um að fræða börnin og í þeirri vinnu er litið til umhverfissáttmálans okkar og hann er fléttaður inn í starf skólans. Sérstakar umhverfisvikur er á dagatali deilda eins og t.d. endurvinnsluvika, steinavika, fuglavika, berjavika og blómavika. Í þeim vikum eru börnin frædd um umhverfi sitt, með því að flokka úrgang, tína rusl, fara í vettvangsferðir, skoða blómin og skordýrin. Gróðursett eru blóm og ýmiskonar jurtir, og tínd ber. Í verkefnagerð er reynt að nýta endurvinnanlegan efnivið sem til er í leikskólanum.

Sjálfbærni 2-3 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|--|
| Að kenna börnunum að flokka og miðla til þeirra af hverju það er gert | Gera þau sjálfbjarga með því að leyfa þeim að prufa eins og t.d. sjá um að setja matarafanga á réttan stað |
| Að fræða börnin um náttúruna og | Fara með þau hring um umhverfi |

| | |
|---|--|
| umhverfi hennar. | leikskólans og fræða þau um hvað þar er að sjá |
| Að nýta áhugasvið barnanna og fá þannig hugmyndir að verkefnum og efnivið | Samræður um hvað þeim finnst áhugavert í umhverfinu. Nota hv spurningar |
| Að börnin læri að bera ábyrgð og virðingu fyrir samfélagi sínu | Fara í náttúru og skoðunarferðir og fjöruferð |
| Að vekja löngun til að kanna eitthvað nýtt / óþekkt | Hafa verðlausan efnivið og leyfa þeim að ráða hvað þau gera við hann |
| Að endurvinna, fara í vettvangsferðir, gróðursetja og hreinsa umhverfið í kringum leikskólann | Fara með börnin í vettvangsferð að hreinsa rusl og sýna þeim í kjölfarið hvað er gert við það |
| Að vekja forvitni barnanna með því að spyrja opinna spurninga og leita lausna. Auk þess að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru, upplifa og njóta | Könnun og skynjun barnanna á umhverfi og samfélagi • rannsóknir, fjölbreyttar aðferðir til að skoða, skynja, hlusta, snerta, flokka, bera saman og draga ályktanir |

Jafnrétti 2-3 ára

Jafnrétti: Jafnrétti er regnhlífarhugtak og nær til ýmissa þátta s.s; aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumála, ætterna og þjóðerna. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig fyrirtaldir þættir geta valdið mismunun eða forréttindum í lífi fólks.

Í starfi á Kiðagili er lögð áherslu á að kyngerva ekki leik og fái börnin tækifæri til að skoða umhverfi sitt í leik án þess að það skipti máli hvort kyn það er. Það er gott að vera meðvitaður hvernig kynin eru ávörpuð. Starfsfólk er meðvitað um að bera virðingu fyrir öllum börnum og foreldrum þeirra.

Á Gleym mér ei er öllum sýnd sama viðhorfið sama hvaða bakgrunn þau hafa, allir þurfa að hjálpast að við að jöfn virðing sé til staðar. Börnin er saman í hóp 4-5 í einu jafnt stelpur sem strákar. Börn þurfa á því að halda að hlustað sé á þau og virðing

borin fyrir skoðunum þeirra. Þegar jafnrétti er skoðað þarf að ýta undir gagnrýna hugsun þeirra. Leyfa þeim að skoða hlutina út frá sjálfum sér og hvernig þau upplifa jafnrétti. Starfsfólk eru mikilvægur þáttur í þessu starfi því þau geta hjálpað börnunum að finna hvernig óréttlæti er og hvernig sé hægt að bæta það. Starfsfólk hvetur börnin til gagnrýnnar hugsunar um jafnrétti auk þess að fræða þau um margbreytileika heimsins. Starfsfólk er hvatt til að vera meðvitað um að flétta almennt jafnrétti inn í allt skólastarf með börnunum. Hvetja skal til að umræðna og nýta námsefni sem eykur enn frekar á skilning barnanna um margbreytileika.

Þá er mikilvægt að nýta tímann til þess í samverustundum og þemastarfi og með auknum námsgögnum um efnið. Starfsfólk skal vera upplýst um að jafnrétti stuðlar að bættu vinnuumhverfi og skólaanda. Starfsfólk er fordæmi barnanna og því þarf gæta þess að virðing sé til staðar þeirra milli.

Jafnrétti 2-3 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|--|
| Að kennarar og börn komi eins fram við alla óháð kyni, uppruna, menningu og kynþáttar.. | Kennarar sýni fagmennsku og virðingu fyrir öllum börnum og flokki þau ekki. |
| Að allir hafa sama rétt á hinum ýmsu leikjum óháð kyni | Gefa öllu börnum tækifæri á að velja sér viðfangsefni í leik hvort sem það er drengur eða stúlka |
| Að allir hafa sama rétt til að tjá skoðanir sínar. Öllum er sýnd sama umhyggjan sama hvað bakgrunn þau hafa eða að hvaða þjóðerni þau eru | Gefa á öllum tækifæri á að tjá sínar skoðanir án fordóma. Kennarar útskýra fyrir nemendum að ekki hafi allir sömu skoðanir á hinum ýmsu málefnum |
| Að efniviður sé óháður kyni auk þess sem bæði stelpur og strákar leika saman | Gefa börnunum tækifæri á að velja hvað þau vilja leika með og með hverjum |
| Að kynna fyrir börnunum að ekki eru allir eins og það sé í lagi að vera þannig | Fjalla um líkamann og þann mismun sem er á drengjum og stúlkum. Fjalla eining um litarhaft, augnlit og hárlit. |
| Að gera börnum grein fyrir að þau eigi líkama sinn og enginn hefur rétt á honum | Tala við börnin um líkama þeirra og að hann sé þeirra eign. |

| | |
|---|--|
| nema þau sjálf | |
| Að kynna fyrir börnunum menningarheim annarra landa | Mismunandi menningardaga þar sem kynnt er fyrir börnunum áherslur annara landa |

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði og mannréttindi: Það er mikilvægt að skólakerfið kenni börnunum djúpstæða virðingu fyrir manngildi hvers og eins, um leið og þau læra hvernig lýðræðissamfélög virka. Umhyggja fyrir dýrum og náttúru er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Lýðræðis- og mannréttindamenntun felur einnig í sér hæfnina til að gagnrýna og endurmeta grunngildi samfélagsins. Þetta þarf að gerast í samstarfi á milli skólanna og heimilisins sem og hinna ýmsu stofnana samfélagsins.

Í starfi á Kiðagli er leitast við að skólastarf mótist af því umhverfi sem við búum við eins og atvinnu- félags og menningarlegu. Skólinn tekur tillit til mismunandi fjölskyldugerðar og uppruna barnanna og leitast við að efla tilfinningu þeirra fyrir því að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því. Af því má stuðla að góðum samskiptum utan skólans og nýtingu umhverfisins til vettvangsferða og leikja. Starfsfólk á að bera virðingu fyrir öllum og takast á við eigin fordóma svo þeir stuðli ekki að mismunum á milli einstaklinga.

Á Gleym mér ei er ýtt undir frumkvæði og ímyndunnafl barnanna sem hvetur þau til að taka eigin ákvarðanir og frumkvæði. Skapaðar eru aðstæður sem gerir það að verkum að börnunum líður vel og finna til öryggis. Þá er börnunum sýnd virðing og kærleikur svo að allir fái notið sín í leik og starfi. Það er gert með því að starfsfólk sé meðvitað um að við erum ekki eins og hver og einn þarf tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum. Þá leggur starfsfólk sig fram við að kenna börnum skapandi hugsun og gefa þeim tækifæri til þess að tjá sig í orði og myndum. Það ýtir undir sjálfstraust þeirra og eflir getu þeirra til að taka ákvarðanir um eigin getu.

Lýðræði og mannréttindi 2-3 ára

| | |
|----------------|---------------|
| Markmið | Leiðir |
| | |

| | |
|---|--|
| Að allir njóti sömu virðingar og kærleika njóta þess sama í öllu starfi | Koma eins fram við alla. |
| Að hjálpa börnunum þannig að þau læri sjálfshjálp og nægjusemi | Að gefa börnunum tækifæri og tíma á að gera sjálf. Leyfa þeim að taka ákvarðanir um hvað þau vilja á réttum forsendum. Kenna þeim sjálfsstæði og ábyrgð |
| Að þau læri umburðarlyndi og að bera virðingu fyrir öllum. Eigi sitt svæði og allir hafi rétt á því að tjá sig og hinir hlusti. | Lestur bókar, umræður, skiptast á og rétt upp hendi ef þau vilja fá orðið. Hvatning til að tjá sig og koma fram með eigin skoðanir |
| Að bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi. | Farið í vettvangsferðir. Auk þess sem allt er flokkað og endurnýtt. Hafa umræður um af hverju við gerum það |
| Að þau skilji að í lýðræðislegu samfélagi gilda ákveðnar reglur sem þau verða að fara eftir. | Kenna börnunum að þau þurfi að fara eftir reglum sem gilda á leikskólanum. Öllu fylgir orsök eða afleiðing |
| Að gefa öllum sama tækifæri á að taka þátt í verkefnum og mismuna engum. Hvetja börnin til að taka eigin ákvarðanir, nýta ímyndunarafl sitt og getu | Að kennari sé alltaf með góða yfirsýn yfir öll börn og að allir fái að njóta þess sama. Efla samskiptamáta þeirra sín á milli sem ýtir undir gagnrýna hugsun |
| Að hafa þarfir og samskipti barna að leiðarljósi í öllu starfi sem fram fer á skólatíma | Að sinna þörfum hvers og eins og mismuna engum. Tala þarf eins við öll börn. |

Sköpun 2-3 ára

Sköpun: Sköpun er leið einstaklings til þess að tengja nýja upplifun fyrri þekkingu og verða þannig „meiri í dag en í gær“ Sköpunargleðin sprettur fram vegna forvitni og athafnaþrá sem leiðir til námsáhuga og frumkvæðis. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Hún brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.

Starfsfólk á Gleym mér ei leggur sig fram við að virkja sköpunargleði barnanna með því að leyfa þeim að framkvæma og vera áhugasamir sjálfir og ræða við börnin. Mikilvægt er að taka tillit til áhuga barnanna og kynna fyrir þeim mismunandi efnivið og áhöld sem efla hugmyndarflug þeirra og getu. Gefa þarf þeim tíma og ímyndunarafli

þeirra lausan tauminn svo þau öðlist frumkvæði og kjark til að skapa það sem þeim langar til. Sköpun fellst ekki eingöngu í því að skila frá sér einhverju verki heldur fellsthún einnig í leiksrænni tjáningu, því er mikilvægt að starfsfólk sé fyrirmynd í því og taki óhræddir þátt í frjálsum leik barnanna. Skapandi starf á að beinast að því sem gert er þar sem allir fá notið sýn á sínum forsendum. Starfsfólk gegnir lykilhlutverki í öllu skólastarfi, því er það mikilvægt að þeir nýti sína fagþekkingu í að kenna börnum hinar ýmsu greinar sköpunar því sköpun er í öllu umhverfinu. Starfsfólk á Gleym mér ei þarf að vera frjótt og geta vakið upp áhuga barnanna sem leiðir til spurninga, úrlausnar og skapandi hugsunar.

Sköpun 2-3 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| Að börnin fá tækifæri til að skapa. Nota skal fjölbreyttar leiðir sem snúa að því sem er áþreifyanlegt jafn á við hlutverkaleik | Gefa börnunum tækifæri á að tjá sig í gegnum myndlist með því að kynna fyrir þeim efnivið sem til þess er nýttur. Gefa þeim kost á að vinna á sínum forsendum og þroska |
| Að auka ímyndunarafl barnanna og kynna fyrir þeim hinar ýmsu leiðir og efnivið | Legga ýmiskonar efnivið fyrir börnin og gefa þeim tækifæri á að fara þá leið sem þau kjósa að fara |
| Að tengja saman hljóð, mynd og tónlist með hreyfingu og hinum fjölbreyttu hljóðfærum | Nýta leiki til að fá börnin til að átta sig á að hljóð og mynd fara saman. Auk þess að kynna fyrir þeim fjölbreytt hljóðfæri og gefa þeim tækifæri á að prufa þau. |
| Að kynna fyrir börnunum texta og söng og hafa skipulagðar söngstundir | Hafa skipulagðar söngstundir og kenna börnunum lög og texta. Þjórða einnig upp á hreyfisöngva og fá börnin með |
| Að börnin fái að kynnast hinum ýmsu listum sem vekur upp ímyndunarafl þeirra og spurningar | Fara með börnin á listasafn og aðrar sýningar |
| Að leggja áherslu á frjálssa leikinn og gefa honum svigrúm og tíma | Gefa tíma í frjálssa leikinn og þjórða upp á ögrandi leikefni sem er skapandi og hugmyndaríkt |
| Að vera með sögu og söngstund alla daga | Skipta börnunum niður og hafa sögu og söngstundir alla daga |

Heilbrigði og velferð 2-3 ára

Þegar rætt er um heilbrigði er vísað til andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar vellíðanar fólks. Allt skólastarf á að miða að því að efla heilbrigði og stuðla markvisst að vellíðan barnanna með tilliti til sjálfsmyndar, hreyfingar, næringar, hvíldar, andlegrar vellíðanar, góðra samskipta, öryggis, hreinlætis, kynheilbrigðis og skilnings á eigin tilfinningum og annarra.

Á Gleym mér ei er lögð áhersla á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Börnin fara í leikfimishús einu sinni aðra hverja viku sem er utan við þá hreyfingu sem þau iðka í sal skólans. Börn tjá sig snemma með hreyfingu, þau skynja líkama sinn og finna styrk sinn og getu. Góð hreyfifærni eykur sjálfstraust ásamt því að bæta heilsu, snerpu og þol. Líkamlegri áreynslu fylgir hvíld og þar skynjar barnið mun á spennu og slökun. Útivera og hreyfing er mikilvægur þáttur í daglegu lífi og hefur verið stór þáttur í leikskólastarfinu hér á Kiðagili. Hvað varðar velferð barna snýst hún ekki eingögu um líkamlegt atgervi heldur einnig um sjálfsmynd, andlega líðan, öryggi, mat á eigin tilfinningum og annarra. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um þarfir hvers og eins og uppfylla þær eins vel og hægt er. Mikilvægt er að efla félagsþroskan og félagstengslin svo og gefa börnunum tækifæri á að takast á við ný viðfangsefni. Fræðsla um mikilvægi næringar byggist á því að kynna allar þær tegundir af mat fyrir börnunum og gefa þeim tækifæri á að smakka. Þá þarf starfsfólk einnig að leitast við minnka hávaða þar sem hann hefur áhrif á leik og nám barnanna

Heilbrigði og velferð barna byggist á samskiptum og á að einkennast af hlýju og virðingu en starfsfólki ber að eiga í jákvæðum samskiptum við börnin því það eflir sjálfsmynd þeirra og sjálfstraustið eykst. Það að hvetja börnin kennir þeim að taka ábyrgð á eigin getu og hegðun auk þess sem það veitir þeim þroska til að mæta óvæntum aðstæðum. Þau verða einnig tilbúnari að takast á við ágreiningsmál er upp koma og greiða úr þeim.

Heilbrigði og velferð 2-3 ára

| Markmið | Leiðir |
|--|---|
| Að stuðla að markvissri hreyfingu | Nýta svæði skólans, skipulagðar hreyfistundir Útivera, vettvangsferðir, leikfimi í leikfimishúsi |
| Að örva fín og grófhreyfingar barnanna | Bjóða upp á námsefni sem stuðlar að samhæfingu sjónar og handa. |
| Að stuðla að aukinni þekkingu á hollu mataræði | Kynna fyrir börnunum hvað er hollt að borða og af hverju. Hvetja þau til að smakka allt |
| Að kenna börnunum um líkama sinn | Hafa skipulagðar vinnustundir um líkamann og sýna þeim einnig hvað það er sem heldur líkamanum uppi og nærir hann |
| Að fræða börnin um mikilvægi hreinlætis | Kenna SMT reglur er stuðla að handþvotti. |
| Að efla andlega og líkamlega líðan barnanna | Gefa sig að börnunum á jákvæðan hátt, hrósa, hvetja og uppörva. Gefa faðmlög og góða nærveru |
| Að hvetja þau til jákvæðra samskipta við hvort annað og taka ábyrgð á hegðun sinni | Hvetja, hrósa, leiðrétta, efla tengsl þeirra við önnur börn og hjálpa þeim til þess. |

Sóley Læsi 3-4 ára

Læsi snýst um kerfisbundin tákni og miðlunartækni en þó fyrst og fremst um merkingarsköpun þar sem tvær manneskjur eða fleiri miðla af reynslu sinni. Á venjulegu máli sem allir skilja má segja að um sé að ræða miðlun orða og reynslu á milli manna. Ekki bara hvað manneskjan segir heldur líka hvernig hún kemur skoðun sinni á framfæri og hvernig sá sem á hlýðir skilur skilaboðin.

Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki manna til boðskipta og hugsunar. Því ber að leggja áherslu á að nýta málið í víðum skilningi. Það gerum við með samtölum,

spurningum, lestri, sögum, kvæðum, leik, söng og þulum. Þá er mikilvægt að hvetja börnin til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli. Málörvun er best sinnt í leik barnanna.

Á Sóley er unnið markvisst að læsi. Sú vinna fer fram í gegnum leikinn og með markvissri kennslu t.d. í samverustundum. Lögð er áhersla á að efla hugtakaskilning með því að gera sögur, söngva og hin ýmsu verkefni myndræn og ápreifanleg. Börn á aldrinum 3-4 hafa gaman að því að þykjast lesa og skrifa og eru bækur, blöð og skriffæri þeim aðgengileg. Börnunum er kennt að umgangast bækurnar og velta fyrir sér uppbyggingu þeirra, fletta blaðsíðu fyrir blaðsíðu því með auknum þroska læra þau að lesa með aðstoð mynda. Lögð er áhersla á að efla skilning á málinu. Strax á Sóley er byrjað að vinna með hljóðkerfisvitundina, samsett orð, rím, samstöfun og fleira.

Tjáning er mikilvægur þáttur og hvetjum við börnin til að nýta sér málið í leik og starfi, spyrja spurninga, segja skoðanir sínar og ræða um liðna atburði. Orð og bókstafir eru sýnilegir og börnin farin að þekkja stafinn sinn og jafnvel nafnið sitt á prenti og að auki stafi eða nöfn allra barna og starfsfólks á deildinni. Þau hugtök eða þemu sem verið er að vinna með hverju sinni eru höfð upp á vegg ásamt mynd í ákveðinn tíma. Það gefur barninu tækifæri til að velta myndum og orðum fyrir sér þegar áhugi kviknar. Læsi er ekki bara að læra bókstafi og lestur heldur er það samheiti yfir marga þætti eins og samskipti, tákni, menningu, myndmál, ýmis táknerfi, umhverfið og hlustun. Lagt er upp með að börnin læri að tjá sig, segja sína skoðun og ígrunda í leiðinni.

Læsi 3-4 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| Að hafa lestarhvetjandi umhverfi | Hafa allt merkt þegar börnin byrja í skólanum |
| Að kynna þeim fróðleik úr bókum, sögustund. | Lesna markvisst fyrir börnin og leyfa þeim að hafa aðgegni að bókum |
| Að kynna fyrir þeim heiti forma stærðar og lögunar og gefa þeim tækifæri á að leika sér með það. | Hafa sýnileg allskonar form til að börnin geti skoðað og spurt og leikið sér með og spurt hvað heitir |
| Að leggja áherslu á og efla hugtakaskilning með því að gera ýmis verkefni myndræn og ápreifanleg. | Tala við börnin og kenna þeim hvaða merkingu hugtökin hafa. Gera þau ápreifanleg og myndræn líka |
| Að hafa orð og bókstafi sýnilega um alla deild sem stuðlar að áhuga barnanna | Setja bókstafi þeirra á stólana, gólfið loftið og hvar sem hægt er að koma því við |

| | |
|---|--|
| Að hafa blöð og liti aðgengilegt fyrir börnin | Hafa blöð og liti aðgengilegt börnunum sem hvetur þau til að örva hugmyndaflugið og átta sig á ritmálinu |
| Að hjálpa börnunum að öðlast skilning á rími,og samstöfun | Nota til þess samverustundir. Nýta spilin úr Ljáðu mér eyra. Nota alla staði í húsinu til þess að kenna börnunum. |
| Að tala saman í leik og setja orð á upplifanir sínar. Kennarar eru fyrirmyndir og eiga að hjálpa börnunum og leiðrétta ef þess þarf | Þjálfva börnin í að setja orð á athafnir í leik og starfi. Leiðrétta þau og hjálpa við að koma orðunum frá sér á réttan hátt |
| Að hafa uppbyggileg og jákvæð samskipti sem ýtir undir sjálfsmynd barnanna | Hjálpa börnunum í samskiptum við önnur börn, geta sett sig í spor annarra. |

Sjálfbærni 3-4 ára

Með sjálfbærni er átt við að engin ein kynslóð hefur rétt umfram aðra til þess að rýra arfleið sína til næstu kynslóðar. Lagt er til grundvallar að hver kynslóð skili þeirri næstu umhverfi sínu og náttúru, í ekki lakara ásigkomulagi en hún tók við henni. Hugtakið er gildishlaðið og felur í sér samábyrgð manna, jafnvægi í náttúrunni, efnahagslegt jafnvægi, jafnvægi í samfélaginu og lýðræði. Það felur einnig í sér nám sem eykur m.a. færni barna og ungmenna til þess að takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsmál sem stuðlar að vilja þeirra og áhuga til þess að taka þátt í samfélaginu. Á Kiðagili er lögð áhersla á að auka virðingu og þekkingu bæði barna og fullorðinna á náttúrunni.

Þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar er manningum lífsnauðsynlegt þar sem afkoma hans er undir henni komin. Börn þurfa að kynnst fjölbreytileika náttúrunnar og njóta hennar um leið og þau læra að finna til ábyrgðar gagnvart henni. Kennurum skólans ber að fræða börnin um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þess verður best við komið með ferðum út í náttúruna þar sem börnin gera sína eigin athuganir og vinna úr þeim eftir getu. Einfalda eðlis og efnafræði tilraunir vekja áhuga og ánægju barnanna. Á Kiðagili er markviss flokkun í gangi sem allir taka þátt bæði börn og kennarar. Börnin á Sóley eru frædd um lífræna ræktun og taka þátt í henni. Öllum er kennt að setja lífræna matarafganga í sérstakt ílát sem síðan fer í moltutunnur. Þá er fjallað um vatnsnotkun við börnin og mikilvægi þess að drekka vatn. Börnin eru með eigin vatnsbrúsa sem þau geta gengið í að vild. Flokkun efna eins og pappír og plast er komið fyrir í sérstökum tunnum og kössum og taka börnin á Sóley þátt í þeirri vinnu.

Hver deild sér um að fræða börnin en í þeirri vinnu er litið til umhverfissáttmálans okkar og er hann fléttaður inn í starf skólans. Sérstakar umhverfisvikur eru á dagatali deilda eins og t.d. endurvinnsluvika, steinavika, fuglavika, berjavika og blómavika og í þeim vikum fræðast börnin um umhverfi sitt, með því að flokka úrgang, tína rusl, fara í vettvangsferðir, skoða blómin og skordýrin, gróðursetja blóm og ýmiskonar jurtir og tína ber.

Hver deild er með ákveðið verkefni inn á sinni deild sem er í tengslum við umhverfisfræðslu eins og t.d. húsdýrin og umhverfið. Í verkefnagerð er reynt að nýta þann efnivið sem til er í leikskólanum sem er endurnýtanlegur.

Sjálfbærni 3-4 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| Að börnin læri að bera ábyrgð og virðingu fyrir samfélagi sínu | Vettvangsferðir um nágrennið, sveitaferð, náttúruskoðun og fjöruferð |
| Að fræða börnin um náttúruna og umhverfi hennar. | Fara með þau í gönguferðir um nágrenni leikskólans. |
| Að nýta áhugasvið barnanna og fá þannig hugmyndir að verkefnum og efnivið | Samræður um hvað þeim finnst áhugavert í umhverfinu. Nota hv spurningar |
| Börnunum er kynntur möguleikinn á notkun tækninnar, s.s. tölva, spjaldtölva, myndavéla, myndvarpa | Gefa þeim tækifæri á að kynnst tölvu. Nota myndvarpa, spjaldtölvur, ljósaborð og aðra tækni í verkefnavinnu |
| Að vekja upp löngun til að kanna eitthvað nýtt / óþekkt. | Leita eftir áhugasviði barnanna og framkvæma verk með þeim |
| Að nýta vettvangsferðir til gróðursetningar og umhverfishreinsunar | Markviss grendarkennsla í umhverfinu |
| Kveikja forvitni barna á umhverfi og náttúru og að bera virðingu fyrir því | Spyrja opinna spurninga og notast við fjölbreyttar aðferðir til að skoða, skynja, hlusta, snerta, flokka, bera saman og draga ályktanir |

| | |
|--|--|
| | |
|--|--|

Jafnrétti 3-4 ára

Jafnrétti: Jafnrétti er regnhlífarhugtak og nær til ýmissa þátta s.s; aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumála, ætterna og þjóðerna. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig fyrrtaldir þættir geta valdið mismunun eða forréttindum í lífi fólks.

Í starfi á Kiðagili er lögð áherslu á að kyngerva ekki leik og fái börnin tækifæri til að skoða umhverfi sitt í leik án þess að það skipti máli hvort kynið það er. Það er gott að vera meðvitaður hvernig kynin eru ávörpuð. Starfsfólk er meðvitað um að bera virðingu fyrir öllum börnum og foreldrum þeirra. Öllum börnum á að sýna sama viðhorf og á bakgrunnur þeirra ekki að skipta máli. Börn þurfa á því að halda að hlustað sé á þau og virðing borin fyrir skoðunum þeirra. Þegar jafnrétti er skoðað þarf að ýta undir gagnrýna hugsun þeirra. Leyfa þeim að skoða hlutina út frá sjálfum sér og hvernig þau upplifa jafnrétti. Starfsfólk er mikilvægt í þessu starfi því þau geta hjálpað börnunum að finna hvernig órétti er og hvernig hægt sé að bæta það. Starfsfólk á að hvetja börnin til gagnrýnnar hugsunar um jafnrétti auk þess að fræða þau um margbreytileika heimsins. Starfsfólk er hvatt til að vera meðvitað um að flétta almennt jafnrétti inn í allt skólastarf með börnunum. Hvetja á til umræðna og hafa námsefni sem eykur á frekari skilning barnanna um margbreytileika. Mikilvægt er að nýta tímann til þess í samverustundum og þemastarfi. Starfsfólk skal vera upplýst um að jafnrétti stuðlar að bættu vinnuumhverfi og skólaanda vegna þess að kennara eru fordæmi barnanna og því þarf gæta þess að virðing sé til staðar þeirra milli því það skilar sér til barnanna.

Jafnrétti 3-4 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|--|
| Að kennarar og börn komi eins fram við alla óháð kyni, uppruna, menningu og þjóðernis.. | Að kennarar sýni fagmennsku og virðingu fyrir öllum börnum og flokki þau ekki. |

| | |
|--|--|
| | |
| Að allir hafa sama rétt á hinum ýmsu leikjum óháð kyni | Að gefa öllum börnum tækifæri á að velja sér viðfangsefni í leik hvort sem það er drengur eða stúlka |
| Allir hafa sama rétt til að tjá skoðanir sínar. Öllum er sýnd sama umhyggjan sama hvað bakgrunn þau hafa eða af hvaða þjóðerni þau eru | Gefa á öllum tækifæri á að tjá sínar skoðanir án fordóma. Kennarar útskýra fyrir öðrum börnum að ekki hafi allir sömu skoðanir á hinum ýmsu málefnum |
| Að hafa efnivið sem er óháður kyni auk þess sem bæði stelpur og strákar leika saman | Gefa börnunum tækifæri á að velja hvað þau vilja leika með og með hverjum |
| Að kynna fyrir börnunum að ekki eru allir eins og það sé í lagi að vera þannig | Fjalla um líkamann og þann mismun sem er á drengjum og stúlkum. Fjalla eining um litarhaft, augnlit og hárlit. |
| Að gera börnum grein fyrir að þau eigi líkama sinn og enginn hefur rétt á honum nema þau sjálf | Tala við börnin um líkama þeirra og að hann sé þeirra eign. |
| Að kynna fyrir börnunum menningarheim annarra landa með því að hafa fjölmeningarrvikur, kynna Sólblómabarn leikskólans. | Að hafa mismunandi menningardaga þar sem kynnt er fyrir börnunum áherslur annara landa |

Lýðræði og mannréttindi 3-4 ára

Lýðræði og mannréttindi: Mikilvægt er að skólakerfið kenni börnunum djúpstæða virðingu fyrir manngildi hvers og eins um leið og þau læra hvernig lýðræðssamfélög virka. Umhyggja fyrir dýrum og náttúru er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Lýðræðis- og mannréttindamenntun felur einnig í sér hæfnina til að gagnrýna og endurmeta grunngildi samfélagsins. Þetta þarf að gerast í samstarfi milli skóla og heimilis sem og hinna ýmsu stofnana samfélagsins.

Í starfi á Kiðagli er leitast við að móta skólastarf af því umhverfi sem við búum við eins og atvinnu- félags og menningarlegu. Skólinn tekur tillit til mismunandi fjölskyldugerðar og uppruna barnanna og leitast við að efla tilfinningu þeirra fyrir því að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því. Af því má stuðla að góðum samskiptum

utan skólans og nýtingu umhvefis til vettvangsferða og leikja. Kennarar eiga að bera virðingu fyrir öllum og takast á við eigin fordóma svo þeir stuðli ekki að mismunum á milli einstaklinga.

Mikilvægt er að starfsfólk ýti undir ímyndunnafl barnanna sem hvetur þau til að taka eigin ákvarðanir og frumkvæði. Skapa þarf aðstæður sem gerir það að verkum að börnunum líður vel og finni til öryggis. Mikilvægt er að í lýðræðisþjóðfélagi að sýna virðingu og kærleika svo að allir fái notið sín í leik og starfi. Það er gert með því að vera meðvitaður um að við erum ekki öll eins og hver og einn þarf tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum. Mikilvægt er að starfsfólk kenni börnum skapandi hugsun og gefi þeim tækifæri til þess að tjá sig í orði og myndum. Það ýtir undir sjálfstraust þeirra og eflir getuna til að taka ákvarðanir um eigin getu.

Lýðræði og mannréttindi 3-4 ára

| Markmið | Leiðir |
|--|--|
| Að allir beri virðingu og kærleika fyrir öllum. Allir eru sérstakir og eiga rétt á að njóta þess sama | Koma eins fram við alla. |
| Að efla sjálfshjálp og nægjusemi | Efla sjálfshjálp nemendanna og kenna þeim sjálfsstæði og ábyrgð með því að hvetja þau til að gera hlutina sjálf sem þau geta |
| Að efla umburðarlyndi og mikilvægi virðingar fyrir öllum. Allir hafi rétt á því að tjá sig og að það sé hlustað á þau. | Lestur bókar, umræður, skiptast á og rétt upp hendi ef þau vilja fá orðið. Hvatning til að tjá sig og koma fram með eigin skoðanir |
| Að bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Sem og ögum samfélagsins. | Farið í vettvangsferðir. Auk þess sem allt er flokkað, endurnýtt og umræður um af hverju við gerum það |
| Að þau skilji að í lýðræðislegu samfélagi gilda ákveðnar reglur sem þau verða að fara eftir. | Kenna börnunum að þau þurfi að fara eftir reglum sem gilda á leikskólanum. Öllu fylgir orsök eða afleiðing |
| Að gefa öllum sama tækifæri á að taka þátt í verkefnum og mismuna engum. Hvetja | Hafa góða yfirsýn yfir hvert barna og að allir fái að njóta þess sama. Efla samskipti þeirra |

| | |
|---|---|
| börnin til að taka eigin ákvarðanir, nýta ímyndunarafl sitt og getu | sín á milli sem ýtir undir gagnrýna hugsun |
| Að hafa þarfir og samskipti barna að leiðarljósi í öllu starfi sem fram fer á skólatíma | Sinna þörfum hvers og eins og mismuna engum. Tala þarf eins við öll börn. |

Sköpun 3-4 ára

Sköpun: Sköpun er leið einstaklings til þess að tengja nýja upplifun fyrri þekkingu og verða þannig „meiri í dag en í gær“ Sköpunargleðin sprettur fram vegna forvitni og athafnaþrá sem leiðir til námsáhuga og frumkvæðis. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Hún brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.

Starfsmenn á Sóley taka tillit til áhuga barnanna hvað varðar sköpun en kynna þarf fyrir þeim mismunandi efnivið og áhöld sem efla hugmyndaflug þeirra og getu. Gefa þarf þeim tíma og ímyndunarafli þeirra lausan tauminn svo þau öðlist frumkvæði og kjark til að skapa það sem þeim langar til. Starfsfólk þarf að virkja sköpunargleði barnanna en það gera þeir með því að gefa þeim tíma til að framkvæma það sem þau langar til og vera áhugasamir sjálfir og ræða við börnin. Sköpun fellst ekki eingöngu í því að skila frá sér einhverju verki heldur er hún einnig í leikrænni tjáningu, því er mikilvægt að starfsfólk sé fyrirmynd í því og óhrætt við að taka þátt í frjálsum leik barnanna. Skapandi starf á að beinast að því sem gert er þar sem allir fá notið sín á sínum forsendum. Starfsfólk gegnir lykilhlutverki í öllu skólastarfi, því er það mikilvægt að þeir nýti sína fagþekkingu í að kenna börnum hinar ýmsu greinar sköpunar því sköpun er í öllu umhverfinu. Starfsfólk þarf að vera frjótt og geta vakið upp áhuga barnanna sem leiðir til spurninga úrlausnar og skapandi hugsunar. Taka tillit til áhuga hvers og eins er varðar sköpun.

Sköpun 3-4 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|--|
| Að gefa börnunum tækifæri á að tjá sig í gegnum myndlist . | Hafa blöð og efnivið aðgengilegan. Hvetja þau til að skrifa, lita og mála og ræða við þau á meðan hvað þau eru að skapa |
| Að auka ímyndunarafl barnanna og kynna fyrir þeim hinar ýmsu leiðir og efnivið | Vera með börnunum og ræða við þau. Nýta efnivið eins og laufblöð og gefa þeim tækifæri á að fara þá leið sem þau kjósa að fara |
| Að tengja saman hljóð, mynd og tónlist með hreyfingu og hinum fjölbreyttu hljóðfærum | Að nýta leiki til að fá börnin til að átta sig á að hljóð og mynd fara saman. Auk þess að kynna fyrir þeim fjölbreytta tónlist. |
| Að kynna fyrir börnunum texta og söng og hafa skipulagðar söngstundir | Hafa skipulagðar söngstundir og kenna börnunum lag og texta. Bjóða einnig upp á hreyfisöngva og fá börnin með |
| Að börnin fái að kynnast hinum ýmsu listum sem vekur upp ímyndunarafl þeirra og spurningar | Fara með börnin á listasöfn og aðrar sýningar. |
| Að gefa þeim kost á að vinna á sínum forsendum og þroska | Hvetja hvert og eitt til að tjá sig. Starfsfólk þarf að efla sköpunarkraft þeirra með því að vera með í athöfninni. |
| Að virkja ímyndunarafl barnanna í frjálsum leik. Leyfa þeim að fá efnivið sem styður við það eins og bíla, dúkkur eða kubba | Starfsfólk á að taka þátt í leiknum og vera með á þeirra forsendum. Þá þarf kennarinn einnig að geta leitt leikinn sem og að stíga út úr honum |

Heilbrigði og velferð 3-4 ára

Þegar rætt er um heilbrigði er vísað til andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar vellíðunar fólks. Allt skólustarf á að miða að því að efla heilbrigði og stuðla markvisst að vellíðan barnanna með tilliti til sjálfsmyndar, hreyfingar, næringar, hvíldar, andlegrar vellíðanar, góðra samskipta, öryggis, hreinlætis, kynheilbrigðis og skilnings á eigin tilfinningum og annarra.

Á Kiðagili er lögð áhersla á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Börnin fara í leikfímishús einu sinni á hálfsmánaðar fresti sem er utan við þá hreyfingu sem þau iðka í sal skólans. Börn tjá sig snemma með hreyfingu, þau skynja líkama sinn og finna styrk sinn og getu. Góð hreyfifærni eykur sjálfstraust ásamt því að bæta heilsu, snerpu og þol. Líkamlegri áreynslu fylgir hvíld og þar skynjar barnið mun á spennu og slökun. Útivera og hreyfing er mikilvægur þáttur í daglegu lífi og hefur verið stór þáttur í leikskólastarfinu á Kiðagili. Á Sóley er þemastarfið ég sjálf/ur og fjölskylda mín er þar er komið inn á andlegt heilbrigði þar á meðal sjálfsstjórn, ákvarðanatöku og börnin frædd um ýmsar fjölskyldugerðir.

Hvað varðar velferð barna snýst hún ekki eingögu um líkamlegt atgervi heldur einnig um sjálfsmynd, andlega líðan, öryggi, mat á eigin tilfinningum og annarra. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um þarfir hvers og eins og uppfylla þær eins vel og hægt er. Mikilvægt er að efla félagsþroskann og félagstengslin svo og gefa börnunum tækifæri á að takast á við ný viðfangsefni. Fræðsla um mikilvægi næringar byggist á því að kynna allar tegundir af mat fyrir börnunum og gefa þeim tækifæri á að smakka. Starfsfólk þarf að leitast við að minnka hávaða þar sem hann hefur áhrif á leik og nám barnanna.

Heilbrigði og velferð barna byggist á samskiptum og á að einkennast af hlýju og virðingu en starfsfólki ber að eiga í jákvæðum samskiptum við börnin því það eflir sjálfsmynd þeirra og sjálfstraustið eykst. Það að hvetja börnin kennir þeim að taka ábyrgð á eigin sjálfi og hegðun auk þess sem það veitir þeim þroska til að mæta óvæntum aðstæðum og trú á eigin getu. Þau verða einnig tilbúnari að takast á við ágreiningsmál er upp koma og greiða úr þeim

Heilbrigði og velferð 3-4 ára

| Markmið | Leiðir |
|-----------------------------------|---|
| Að stuðla að markvissri hreyfingu | Nýta svæði skólans, skipulagðar hreyfistundir Útivera, vettvangsferðir, leikfimi í |

| | |
|--|--|
| | leikfímishúsi |
| Að örva fín og grófhreyfingar barnanna | Bjóða upp á námsefni sem stuðlar að samhæfingu sjónar og handa |
| Að stuðla að aukinni þekkingu á hollu mataræði | Kynna fyrir börnunum hvað er hollt að borða og af hverju |
| Að kenna börnunum um líkama sinn | Hafa skipulagðar vinnustundir um líkamann |
| Að fræða börnin um mikilvægi hreinlætis | Kynna fyrir börnunum SMT reglur sem í gildi eru á baðherbergjum. |
| Að efla andlega og líkamlega líðan barnanna | Gefa sig að börnunum á jákvæðan hátt, hrósa, hvetja og uppörva |
| Að hvetja þau til jákvæðra samskipta við hvort annað og taka ábyrgð á hegðun sinni | Hvetja, hrósa, leiðrétta, efla tengsl þeirra við önnur börn og hjálpa þeim til þess. |

Smári Læsi 4-5 ára

Læsi snýst um kerfisbundin tákni og miðlunartækni en þó fyrst og fremst um merkingarsköpun þar sem tvær manneskjur eða fleiri miðla og reyna að skilja af reynslu sinni. Á venjulegu máli sem allir skilja má segja að um sé að ræða miðlun orða og reynslu á milli manna. Ekki bara hvað manneskjan segir heldur líka hvernig hún kemur skoðun sinni á framfæri og hvernig sá sem á hlýðir skilur skilaboðin. Hver þekkir ekki að tala við mann og finnast þeir tala í kross, finna að það vantar eitthvað upp á skilning áheyrandans. Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki mannana til boðskipta og hugsunar. Því ber að leggja áherslu á að nýta málið í víðum skilningi. Það gerum við með samtölum, spurningum, lestri, sögum, kvæðum og þulum. Þá er mikilvægt að hvetja börnin til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli. Málörvun er best sinnt í leik barnanna.

Á Smára er markvisst unnið að læsi. Starfsfólk eflir þá vinnu með börnunum sem fram fer í gegnum þemastarf, læsis stundir og leikinn. Áhersla er lögð á að hljóða stafi, efla hugtakaskilning, rím, samstöfun, orðhlutaeyðingu og hljóðgreiningu. Starfsfólk leitast við að hafa verkefni myndræn og áþreifanleg sem auðveldar börnunum að byggja upp sjónrænt minni. Lögð er áhersla á að efla skilning á málinu. Starfsfólk hvetur börnin til að merkja öll sín verk og er forskrift að nafni þeirra aðgengileg. Tilgangurinn er að veita börnunum tækifæri á að skrifa fjölbreyttan texta

og að hann hafi tilgang. Áhersla er lögð á að börnin þekki tengingu hljóðs og stafs og nái þannig að hljóða sig í gegnum orð. Bækur eru ætíð í boði sem þau geta lært af, skrifað upp eftir textanum og velta fyrir sér uppbyggingu þeirra.

Þegar unnið er með hugtök eða þemu hverju sinni eru þau hengd upp á vegg ásamt mynd í ákveðinn tíma til að gefa barninu tækifæri til að velta myndum og orðum fyrir sér þegar áhugi kviknar. Læsi er ekki bara að læra bókstafi og lestur heldur er það samheiti yfir marga þætti eins og samskipti, tákni, menningu, myndmál, ýmis táknerfi, umhverfið og hlustun. Lagt er upp með því að börnin læri að tjá sig segja sína skoðun og ígrunda í leiðinni. Starfsfólk hvetur börnin til að nýta sér málið í leik og starfi, spyrja spurninga, segja skoðanir sínar og ræða um liðna atburði. Starfsfólk leggur sig fram við að eiga í samræðum við börnin í vinnustundum því þannig gefur það þeim tækifæri á að ígrunda, spyrja, rökræða, koma fram með eigin skoðanir og komast að niðurstöðum.

Læsi 4-5 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| Að barnið þekki sitt eigið nafn ritað og jafnvel nöfn annarra barna | Að hafa allt merkt og nafn barnsins aðgengilegt fyrir það |
| Að þjálfa barnið í rími þannig að það átti sig á hrynjandanum í máalinu | Að grípa tækifærið við allar aðstæður og ríma með barninu. |
| Stafir og orð eiga að vera aðgengileg fyrir barnið svo það geti náð sér í það og skrifað eins | Hafa blöð og liti aðgengilegt börnunum sem hvetur þau til að örva hugmyndaflugið og átta sig á ritmálinu |
| Að efla hugtakaskilning barnanna. Setja verkefni upp myndræn og hafa þau áþreifanleg. | Að tala við börnin og kenna þeim hvaða merkingu hugtökin hafa. Gera þau áþreifanleg með því að hafa fyrir mynd (t.d. hest) þannig að þau átti sig betur á því |
| Að börnin kunni lesáttina og átti sig á mikilvægi bóka. | Hafa bækur, form og tákni aðgengileg og kenna börnunum hvað það þýðir. Lesa bækur fyrir börn jafnt texta sem myndir og tákni |
| Að hjálpa börnunum að öðlast skilning á að rituðu máli og að tákni hafa merkingu | Markvissir læsis tímar þar sem börnin fá að spreyta sig og fræðslu um hvert tákni |
| Að vera með markvissar læsis stundir | Markvissar læsis stundir þar sem börnunum er skipt í hópa og unnið er með ýmis verkefni sem tengist ákveðnu þema. Vinna markvissar með Lubbi finnur málbein, í öllum skólanum |
| Að tala saman í leik og setja orð á | Þjálfa börnin í að setja orð á athafnir í leik og starfi. Leiðrétta þau og hjálpa við að |

| | |
|---|--|
| upplifanir sínar . | koma orðunum frá sér á réttan hátt |
| Að hafa uppbyggileg og jákvæð samskipti sem ýtir undir sjálfsmynd barnanna | Hjálpa börnunum í samskiptum við önnur börn, geta sett sig í spor annarra. Mikilvægi þess að vera vinur, þá nær maður frekar árangri |
| Að vera með samverustundir þar sem kennt er samsetning orða, rím,tjáning, frásögn, lestur, söngur, orðhlutaeyðing | Vera með orð sem börnin þekkja og þjálf þau í að taka í sundur og setja saman |

Sjálfbærni 4-5 ára

Með sjálfbærni er átt við að engin ein kynslóð hefur rétt umfram aðra til þess að rýra arfleið sína til næstu kynslóðar. Lagt er til grundvallar að hver kynslóð skili þeirri næstu umhverfi sínu og náttúru, í ekki lakara ásigkomulagi en hún tók við henni. Hugtakið er gildishlaðið og felur í sér samábyrgð manna, jafnvægi í náttúrunni, efnahagslegt jafnvægi, jafnvægi í samfélaginu og lýðræði. Það felur einnig í sér nám sem eykur m.a. færni barna til þess að takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsmál sem stuðlar að vilja þeirra og áhuga til þess að taka þátt í samfélaginu. Á Kiðagili er lögð áhersla á að auka virðingu og þekkingu barna á náttúrunni.

Þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar er manningnum lífsnauðsynlegt þar sem afkoma hans er undir henni komin. Börn þurfa að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar og njóta hennar um leið og það lærir að finna til ábyrgðar gagnvart henni. Börnin eru frædd um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þess verður best við komið með ferðum út í náttúruna þar sem börnin gera sína eigin athuganir og vinna úr þeim eftir getu. Einfaldar eðlis og efnafræði tilraunir vekja áhuga og ánægju barnanna.

Allir erusetja lífræna afganga í sérstakt ílát og fara afgangar síðan í moltutunnur. Börnin eru einnig með eigin vatnsbrúsa sem er aðgengilegur fyrir þeim. Flokkun efna eins og pappír og plast er komið fyrir í sérstökum tunnum og kössum og eru börnin látin gera það reglulega. Hver deild sér um að fræða börnin og í þeirri vinnu er litið til umhverfissáttmálans og er hann fléttaður inn í starf skólans. Sérstakar umhverfisvikur er á dagatali skólans eins og t.d. endurvinnsluvika, steinavika, fuglavika, berjavika og blómavika en þær vikur eru notaðar sérstaklega til að tína rusl, fara í vettvangsferðir, skoða blómin og skordýrin, gróðursetja blóm og ýmiskonar jurtir og tína ber.

Hver deild er með ákveðið verkefni inn á sinni deild sem er í tengslum við umhverfisfræðslu. Í verkefnagerð er reynt að nýta þann efnivið sem til er í leikskólanum sem er endurnýtanlegur.

Sjálfbærni 4-5 ára

| Markmið | Leiðir |
|--|---|
| Að börnin læri að bera ábyrgð og virðingu fyrir samfélagi sínu | Kenna börnunum að bera ábyrgð á eigin gjörðum. Einnig að þau beri virðingu fyrir ólíkum hlutum, fólki og menningu. Notast er við SMT agaferli |
| Að fræða börnin um náttúruna og umhverfi hennar. | Fara með þau í vettvangsferðir út í náttúruna og fræða þau um það sem þau sjá og upplifa. |
| Að nýta áhugasvið barnanna og fá þannig hugmyndir að verkefnum þar sem endurnýtanlegur efniviður er notaður | Samræður um hvað þeim finnst áhugavert í umhverfinu. Nota hv spurningar |
| Að kynna fyrir börnunum möguleikann á notkun tækninnar, s.s. tölva, sjónvarps, myndavéla, myndvarpa | Leyfa börnunum að prufa tölvuvinnslu, nota skjávarpa í leik, auk þess að nota óvirk tæki sem þau geta leikið með |
| Að vekja upp löngun til að kanna eitthvað nýtt / óþekkt | Ræða við börnin um að þau geti gert það sem þau langar. Hvetja þau til að kanna óþekktan efnivið. Styrkja þau og hjálpa |
| Að vera með endurvinnslu innan leikskólans | Kenna og fræða börnin um endurnýtingu. Matur í sérstaka tunnu, pappír og kassar einnig. |
| Að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru, upplifa og njóta. Kveikja forvitni þeirra með því að spyrja opinna spurninga og leita lausna. | Könnun barna og skynjun þeirra á umhverfinu og samfélagi, rannsóknir, fjölbreyttar aðferðir til að skoða, skynja, hlusta, snerta, flokka, bera saman og draga ályktanir |

Jafnrétti 4-5 ára

Jafnrétti: Jafnrétti er regnhlífarhugtak og nær til ýmissa þátta s.s; aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumála, ætterna og þjóðerna. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er

um hvernig fyrrtaldir þættir geta valdið mismunun eða forréttindum í lífi fólks.

Í starfi á Kiðagili er lögð áherslu á að kyngerva ekki leik og fá börnin tækifæri til að skoða umhverfi sitt í leik án þess að það skipti máli hvort kyn það er. Það hefur sýnt sig að kennarar nafngreina stráka frekar en stelpur sem hóp í starfi. Því er gott að vera

meðvitaður hvernig kynin eru ávörpuð. Starfsfólk er meðvitað um að bera virðingu fyrir öllum börnum og foreldrum þeirra.

Öllum skal sýnt sama viðhorf og virðing sama hvaða bakgrunn þau hafa. Börn þurfa á því að halda að hlustað sé á þau og virðing borin fyrir skoðunum þeirra. Þegar jafnrétti er skoðað þarf að ýta undir gagnrýna hugsun þeirra. Leyfa þeim að skoða hlutina út frá sjálfum sér og hvernig þau upplifa jafnrétti. Kennarar eru mikilvægur þáttur í þessu starfi því þau geta hjálpað börnunum að finna hvernig óréttlæti er og hvernig sé hægt að bæta það. Starfsfólki ber að hvetja börnin til gagnrýnnar hugsunar um jafnrétti auk þess að fræða þau um margbreytileika heimsins. Starfsfólk skal vera meðvitað um að flétta almennt jafnrétti inn í allt skólastarf með börnunum. Hvetja á til umræðna og hafa námsefni sem eykur frekar á skilning barnanna um margbreytileika.

Þá er mikilvægt að nýta tímann til þess í samverustundum og þemastarfi og með auknum námsgögnum um efnið. Starfsfólk skal vera upplýst um að jafnrétti stuðlar að bættu vinnuumhverfi og skólaanda. Kennara eru fordæmi barnanna og því þarf gæta þess að virðing sé til staðar þeirra milli.

Jafnrétti 4-5 ára

| Markmið | Leiðir |
|--|--|
| Að starfsfólk og börn komi eins fram við alla óháð kyni, uppruna, menningu og hörundslit. | Starfsfólk sýni fagmennsku og virðingu fyrir öllum börnum og flokki þau ekki. |
| Að allir hafa sama rétt á hinum ýmsu leikjum óháð kyni | Að gefa öllu börum tækifæri á að velja sér viðfangsefni í leik hvort sem það er drengur eða stúlka |
| Allir hafa sama rétt til að tjá skoðanir sínar. Öllum er sýnd sama umhyggjan sama hvað bakgrunn þau hafa eða af hvaða þjóðerni þau eru | Gefa á öllum tækifæri á að tjá sínar skoðanir án fordóma. Kennarar útskýra fyrir öðrum börnum að ekki hafi allir sömu skoðanir á hinum ýmsu málefnum |
| Að efniviður sé óháður kyni auk þess sem bæði stelpur og strákar leika saman | Gefa börnunum tækifæri á að velja hvað þau vilja leika með og með hverjum |
| Að kynna fyrir börnunum að ekki eru allir eins og það sé í lagi að vera þannig | Fjalla um líkamann og þann mismun sem er á drengjum og stúlkum. Fjalla eining um |

| | |
|--|---|
| | litarhaft, augnlit og hárlit. |
| Að gera börnum grein fyrir að þau eigi líkama sinn og enginn hefur rétt á honum nema þau sjálf | Tala við börnin um líkama þeirra og að hann sé þeirra eign. Nýta til þess bækur sem henta |
| Að kynna fyrir börnunum menningarheim annarra landa | Að hafa mismunandi menningardaga þar sem kynnt er fyrir börnunum áherslur annara landa |

Lýðræði og mannréttindi 4-5 ára

Lýðræði og mannréttindi: Það er mikilvægt í skólakerfinu að kenna börnunum djúpstæða virðingu fyrir manngildi hvers og eins, um leið og þau læra hvernig lýðræðssamfélög virka. Umhyggja fyrir dýrum og náttúru er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Lýðræðis- og mannréttindamenntun felur einnig í sér hæfnina til að gagnrýna og endurmeta grunnildi samfélagsins. Þetta þarf að gerast í samstarfi á milli skóla og heimilis sem og hinna ýmsu stofnana samfélagsins.

Í starfinu á Kiðagli er leitast við að skólastarfið mótist af því umhverfi sem við búum við eins og atvinnu- félags og menningarlegu. Skólinn tekur tillit til mismunandi fjölskyldugerðar og uppruna barnanna og leitast við að efla tilfinningu þeirra fyrir því að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því. Af því má stuðla að góðum samskiptum utan skólans og nýtingu umhvefisins til vettvangsferða og leikja. Starfsfólk skal bera virðingu fyrir öllum og takast á við eigin fordóma svo þeir stuðli ekki að mismunum á milli einstaklinga.

Mikilvægt er að ýta undir frumkvæði og ímyndunnar afl barnanna sem hvetur þau til að taka eigin ákvarðanir og frumkvæði. Skapa þarf aðstæður sem gerir það að verkum að börnunum líður vel og finni til öryggis. Mikilvægt er að í lýðræðisþjóðfélagi að sýna virðingu og kærleika svo að allir fái notið sín í leik og starfi. Það er gert með því að vera meðvitaður um að við erum ekki eins og hver og einn þarf tækifæri á að njóta sín á eigin forsendum. Mikilvægt er að starfsfólk kenni börnum skapandi hugsun og gefi þeim tækifæri til þess að tjá sig í orði og myndum. Það ýtir undir sjálfstraust þeirra og eflir getu þeirra til að taka ákvarðanir um eigin getu.

Lýðræði og mannréttindi 4-5 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|--|
| Að bera virðingu og kærleika fyrir öllum. Allir eru sérstakir og eiga rétt á að njóta þess sama | Að koma eins fram við alla. Það er réttur hvers og eins að komið sé almennilega fram við hann |
| Að efla sjálfshjálp og nægjusemi | Á kiðagili eflum við sjálfshjálp nemenda okkar og kennum þeim sjálfsstæði og ábyrgð með því að láta þau bera ábyrgð, ígrunda eign stöðu og hvað er nóg |
| Að kenna umburðarlyndi og virðingu fyrir öllum. Eigi sitt svæði og allir hafi rétt á því að tjá sig og hinir hlusti. | Lestur bókar, umræður, skiptast á og rétt upp hendi ef þau vilja fá orðið. Hvatning til að tjá sig og koma fram með eigin skoðanir |
| Að bera virðing fyrir náttúru og umhverfi. Lögum samfélagsins. | Fara í vettvansferðir. Auk þess að flokka, endurnýta allt efni, umræður gagnlegar og hvetjandi um af hverju við gerum það sem við gerum |
| Að þau skilji að í lýðræðislegu samfélagi gilda ákveðnar reglur sem þau verða að fara eftir. | Kenna börnunum að þau þurfi að fara eftir reglum sem gilda á leikskólanum. Öllu fylgir orsök eða afleiðing |
| Að gefa öllum sama tækifæri á að taka þátt í verkefnum og mismuna engum. Hvetja börnin til að taka eigin ákvarðanir, nýta ímyndunarafl sitt og getu | Hafa góða yfirsýn yfir öll börnin þannig að allir fái að njóta þess sama. Efla samskiptamáta þeirra sín á milli sem ýtir undir gagnrýna hugsun |
| Að hafa þarfir og samskipti barna að leiðarljósi í öllu starfi sem fram fer á skólatíma | Sinna þörfum hvers og eins og mismuna engum. Tala eins við öll börn svo þau finni ekki fyrir neikvæni í sinn garð. |

Sköpun 4-5 ára

Sköpun: Sköpun er leið einstaklings til þess að tengja nýja upplifun fyrri þekkingu og verða þannig „meiri í dag en í gær“ Sköpunargleðin sprettur fram vegna forvitni og athafnaþrá sem leiðir til námsáhuga og frumkvæðis. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Hún brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði

barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.

Starfsfólk þarf að taka tillit til áhuga barnanna hvað varðar sköpun en kynna þarf fyrir þeim mismunandi efnivið og áhöld sem efla hugmyndaflug þeirra og getu. Gefa þarf þeim tíma og ímyndunarafl þeirra lausan tauminn svo þau öðlist frumkvæði og kjark til að skapa það sem þeim langar til. Starfsfólk á að hafa getu til að virkja sköpunargleði barnanna en það gera þeir með því að gefa þeim tíma að framkvæma það sem þau langar til og vera áhugasamir sjálfir og ræða við börnin. Sköpun fellst ekki eingöngu í því að skila frá sér einhverju verki heldur er hún einnig í leikrænni tjáningu, því er mikilvægt að starfsmenn séu fyrirmynd í því og óhræddir við að taka þátt í frjálsum leik barnanna. Skapandi starf á að beinast að því sem gert er þar sem allir fá notið sín á sínum forsendum. Starfsfólk gegnir lykilhlutverki í öllu skólastarfi, því er það mikilvægt að þeir nýti sína fagþekkingu í að kenna börnum hinar ýmsu greinar sköpunar því sköpun er í öllu umhverfinu. Starfsmaður þarf að vera frjór í hugsun og geta vakið upp áhuga barnanna sem leiðir til spurninga úrlausnar og skapandi hugsunar. Reynaskal að taka tillit til áhuga hvers og eins er varðar sköpun.

Sköpun 4-5 ára

| Markmið | Leiðir |
|--|--|
| Að gefa börnunum tækifæri á að tjá sig í gegnum myndlist . | Hafa efnivið aðgengilegan til að gefa öllum kost á að vinna á sínum forsendum og þroska |
| Að auka ímyndunarafl barnanna og kynna fyrir þeim hinar ýmsu leiðir og efnivið | Hafa ýmiskonar efnivið fyrir börnin og gefa þeim tækifæri á að fara þá leið sem þau kjósa að fara |
| Að tengja saman hljóð, mynd og tónlist með hreyfingu og hinum fjölbreyttu hljóðfærum | Nota samveru og skipulagðar stundir til kynninga á hljóðfærum s.s tommum og sílafónum. Gefa nemendum tækifæri til að reyna að slá taktinn, ganga í takt eða spila lög. |
| Að hafa skipulagðar söngstundir og kynna fyrir börnunum texta og söng | Hafa skipulagðar söngstundir og kenna börnunum lag og texta. Þjóða einnig upp á hreyfisöngva og fá börnin með |
| Að börnin fái að kynnast hinum ýmsu listum sem vekur upp ímyndunarafl þeirra og | Fara með börnin á listasafn og aðrar sýningar. Vettvangsferðir |

| | |
|---|--|
| spurningar | |
| Að virkja á ímyndunarafl barnanna í frjálsum leik. Nota efnivið sem styður við það eins og bíla, dúkkur eða kubba | Kennari tekur þátt í leiknum og er með á þeirra forsendum. Þá þarf kennarinn einnig að geta leitt leikin sem og að stíga ú túr honum |
| Að börnin fái að vinna á sínum forsendum og þroska | Hvert og eitt hefur mismunandi löngun til að tjá sig. Kennarar þurfa að efla sköpunarkraft þeirra með því að vera með í athöfninni. |

Heilbrigði og velferð 4-5 ára

Þegar rætt er um heilbrigði er vísað til andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar vellíðanar fólks. Allt skólastarf á að miða að því að efla heilbrigði og stuðla markvisst að vellíðan barnanna með tilliti til sjálfsmyndar, hreyfingar, næringar, hvíldar, andlegrar vellíðanar, góðra samskipta, öryggis, hreinlætis, kynheilbrigðis og skilnings á eigin tilfinningum og annarra.

Á Kiðagili er lögð áhersla á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Börnin fara í leikfímishús á hálfsmánaðar fresti sem er utan við þá hreyfingu sem þau iðka í sal skólans. Börn tjá sig snemma með hreyfingu, þau skynja líkama sinn og finna styrk sinn og getu. Góð hreyfifærni eykur sjálfstraust ásamt því að bæta heilsu, snerpu og þol. Líkamlegri áreynslu fylgir hvíld og þar skynjar barnið mun á spennu og slökun. Útivera og hreyfing er mikilvægur þáttur í daglegu lífi og hefur verið stór þáttur í leikskólastarfinu hér á Kiðagili. Hvað varðar velferð barna snýst hún ekki eingögu um líkamlegt atgervi heldur einnig um sjálfsmynd, andlega líðan, öryggi, mat á eigin tilfinningum og annarra. Starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um þarfir hvers og eins og uppfylla þær eins vel og hægt er. Mikilvægt er að efla félagsþroskan og félagstengslin svo og gefa börnunum tækifæri á að takast á við ný viðfangsefni. Fræðsla um mikilvægi næringar byggist á því að kynna alla fæðuflokkafyrir börnunum og gefa þeim tækifæri á að smakka. Kennarar þurfa að leitast við minnka hávaða þar sem hann hefur áhrif á leik og nám barnanna

Heilbrigði og velferð barna byggist á samskiptum og á að einkennast af hlýju og virðingu en kennurum ber að eiga í jákvæðum samskiptum við börnin því það eflir

sjálfsmýnd þeirra og sjálfstraustið eykst. Það að hvetja börnin kennir þeim að taka ábyrgð á eigin getu og hegðun auk þess sem það veitir þeim þroska til að mæta óvæntum aðstæðum og trú á eigin getu. Þau verða einnig tilbúnari til að takast á við ágreiningsmál er upp koma og greiða úr þeim.

Heilbrigði og velferð 4-5 ára

| Markmið | Leiðir |
|--|---|
| Að stuðla að markvissri hreyfingu | Nýta svæði skólans, skipulagðar hreyfistundir Útivera, vettvangsferðir, leikfimi í leikfimishúsi |
| Að örva fín og grófhreyfingar barnanna | Þjófða upp á námsefni sem stuðlar að samhæfingu sjónar og handa |
| Að stuðla að aukinni þekkingu á hollu mataræði | Kynna fyrir börnunum hvað er hollt að borða og af hverju |
| Að kenna börnunum um líkama sinn | Hafa skipulagðar vinnustundir um líkamann og nota til þess bækur sem hentar þeirra skilning |
| Að fræða börnin um mikilvægi hreinlætis | Hafa skipulagðar stundir þar kynnt er fyrir börnunum mikilvægi hreinlætis |
| Að efla andlega og líkamlega líðan barnanna | Gefa sig að börnunum á jákvæðan hátt, hrósa, hvetja og uppörva |
| Að hvetja þau til jákvæðra samskipta við hvort annað og taka ábyrgð á hegðun sinni | Hvetja, hrósa, leiðrétta, efla tengsl þeirra við önnur börn og hjálpa þeim til þess. |

Læsi 5-6 ára

Læsi snýst um kerfisbundin tákni og miðlunartækni en þó fyrst og fremst um merkingarsköpun þar sem tvær manneskjur eða fleiri miðla og reyna að skilja af reynslu sinni. Á venjulegu máli sem allir skilja má segja að um sé að ræða miðlun orða og reynslu á milli manna. Ekki bara hvað manneskjan segir heldur líka hvernig hún kemur skoðun sinni á framfæri og hvernig sá sem á hlýðir skilur skilaboðin. Hver þekkir ekki að tala við mann og finnast þeir tala í kross, finna að það vantar eitthvað upp á skilning

áheyrans og sá skortur hefur ekkert með greind að gera. Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki mannana til boðskipta og hugsunar. Því ber að leggja áherslu á að nýta málið í víðum skilningi. Það gerum við með samtölum, spurningum, lestri, sögum, kvæðum og þulum. Þá er mikilvægt að hvetja börnin til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli. Málörvun er best sinnt í leik barnanna.

Með 5-6 ára nemendum er markvisst unnið að læsi. Sú vinna fer fram í gegnum þemastarf, samverustundir, læsis stundir og leikinn. Áhersla er lögð á að hljóða stafi, efla hugtakaskilning, rím, samstöfun, orðhlutaeyðingu og hljóðgreiningu. Þá er leitast við að hafa verkefni myndræn og áþreifanleg sem auðveldar þeim að byggja upp sjónrænt minni. Lögð er áhersla á að efla skilning á málinu. Þá eru börnin hvött til að merkja öll sín verk og er forskrift að nafni þeirra aðgengilegt. Tilgangurinn er að veita börnunum tækifæri á að skrifa fjölbreyttan texta og að hann hafi tilgang. Þá er áhersla lögð á að börnin þekki tengingu hljóðs og stafs og nái þannig að hljóða sig í gegnum orð. Lögð er áhersla á að hafa bækur ætíð í boði sem þau geta lært af, skrifað upp eftir textanum og velta fyrir sér uppbyggingu þeirra.

Þau hugtök eða þemu sem verið er að vinna með hverju sinni eru höfð upp á vegg ásamt mynd í ákveðinn tíma og gefur það barninu tækifæri til að velta myndum og orðum fyrir sér þegar áhugi kviknar. Lagt er upp með að börnin læri að tjá sig segja sína skoðun og ígrunda í leiðinni. Mikilvægt er að kennarar leggi sig fram við að eiga í samræðum við börnin í vinnustundum því þannig gefur það þeim tækifæri á að ígrunda, spyrja, rökræða, koma fram með eigin skoðanir og komast að niðurstöðum.

Læsi 5-6 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|--|
| Að hafa lestarhvetjandi umhverfi | Hafa allt merkt þegar börnin byrja í skólanum |
| Að kynna fyrir börnunum ýmsan fróðleikur úr bókum, sögustund. | Að lesa markvisst fyrir börnin og leyfa þeim að hafa aðgengi að bókum |
| Að kenna börnunum heiti forma, stærð og lögun | Hafa sýnilegt allskonar form sem börnin geta leikið sér með og spurt hvað heitir |
| Að leggja áherslu á og efla hugtakaskilning með því að gera ýmis verkefni myndræn og áþreifanleg. | Að tala við börnin og kenna þeim hvaða merkingu hugtökin hafa. Gera þau áþreifanleg eða myndræn. |
| Að hafa orð og bókstafir sýnilegt um alla | Setja bókstafi þeirra á stólana, gólfið loftið |

| | |
|---|--|
| deild sem vekur upp áhuga barnanna | og hvar sem hægt er að koma því við. |
| Að hafa blöð og liti aðgengilegt fyrir börnin | Blöð og liti aðgengilegt börnunum sem hvetur þau til að örva hugmyndaflugið og átta sig á ritmálinu |
| Að hjálpa börnunum að öðlast skilning á að rituðu máli og að tákn hafa merkingu | Hafa bækur, form og tákn aðgengileg og kenna börnunum hvað það þýðir. Lesa bækur fyrir börn jafnt texta sem myndir og tákn |
| Að hvetja börnin til að setja orð á upplifanir sínar . | Þjálfa börnin í að setja orð á athafnir í leik og starfi. Leiðrétta þau og hjálpa við rétt orðalag |
| Að eiga uppbyggileg og jákvæð samskipti sem ýtir undir sjálfsmynd barnanna | Hjálpa börnunum í samskiptum við önnur börn með því að hjálpa þeim við að setja sig í spor annarra. |

Sjálfbærni 5-6 ára

Með sjálfbærni er átt við að engin ein kynslóð hefur rétt umfram aðra til þess að rýra arfleið sína til næstu kynslóðar. Lagt er til grundvallar að hver kynslóð skili þeirri næstu umhverfi sínu og náttúru, í ekki lakara ásigkomulagi en hún tók við henni. Hugtakið er gildishlaðið og felur í sér samábyrgð manna, jafnvægi í náttúrunni, efnahagslegt jafnvægi, jafnvægi í samfélaginu og lýðræði. Það felur einnig í sér nám sem eykur m.a. færni barna til þess að takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsmál sem stuðlar að vilja þeirra og áhuga til þess að taka þátt í samfélaginu. Á Kiðagili er lögð áhersla á að auka virðingu og þekkingu barna á náttúrunni.

Þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar er mannum lífsnauðsynlegt þar sem afkoma hans er undir henni komin. Börn þurfa að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar og njóta hennar um leið og það lærir að finna til ábyrgðar gagnvart henni. Börnin eru frædd um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þess verður best við komið með ferðum út í náttúruna þar sem börnin gera sína eigin athuganir og vinna úr þeim eftir getu. Einfaldar eðlis og efnafræði tilraunir vekja áhuga og ánægju barnanna.

Allir erusetja lífræna afganga í sérstakt ílát og fara afgangar síðan í moltutunnur. Börnin eru einnig með eigin vatnsbrúsa sem er aðgengilegur fyrir þeim. Flokkun efna eins og

pappír og plast er komið fyrir í sérstökum tunnnum og kössum og eru börnin látin gera það reglulega. Hver deild sér um að fræða börnin og í þeirri vinnu er litið til umhverfissáttmálans og er hann fléttaður inn í starf skólans. Sérstakar umhverfisvikur er á dagatali skólans eins og t.d. endurvinnsluvika, steinavika, fuglavika, berjavika og blómavika en þær vikur eru notaðar sérstaklega til að tína rusl, fara í vettvangsferðir, skoða blómin og skordýrin, gróðursetja blóm og ýmiskonar jurtir og tína ber. Hver deild er með ákveðið verkefni inn á sinni deild sem er í tengslum við umhverfisfræðslu. Í verkefnagerð er reynt að nýta þann efnivið sem til er í leikskólanum sem er endurnýtanlegur.

Sjálbærni 5-6 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| Að börnin læri að bera ábyrgð og virðingu fyrir samfélagi sínu | Að fara í náttúru og skoðunarferðir, sveita og fjöruferð |
| Að fræða börnin um náttúruna og umhverfi hennar. | Fara í vettvangsferðir um nærumhverfið. |
| Að nýta áhugasvið barnanna og fá þannig hugmyndir að verkefnum og efnivið | Samræður um hvað þeim finnst áhugavert í umhverfinu. Nota hv spurningar |
| Að kynna fyrir börnunum möguleikann á notkun tækninnar, s.s. tölva, sjónvarps, myndavéla, myndvarpa | Gefa þeim tækifæri á að kynnst tölvu. Nota myndvarpa í verkefnavinnu |
| Að vekja upp löngun til að kanna eitthvað nýtt / óþekkt | Leita eftir áhugasviði barnanna og framkvæma verk með þeim |
| | |

| | |
|---|--|
| Að fara í vettvangsferðir, einnig að gróðursetja og fara í umhverfishreinsun | Markviss grendarkennsla í umhverfinu |
| Að kveikja forvitni barna, spyrja opinna spurninga og leita lausna kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru, upplifa og njóta | Nýta hugmyndaflug og skynjun barnanna til umræðna. Nýta samfélagið rannsóknir, fjölbreyttar aðferðir til að skoða, skynja, hlusta, snerta, flokka, bera saman og draga ályktanir |

Jafnrétti 5-6 ára

Jafnrétti: Jafnrétti er regnhlífarhugtak og nær til ýmissa þátta s.s; aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumála, ætterna og þjóðerna. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig fyrrtaldir þættir geta valdið mismunun eða forréttindum í lífi fólks.

Í starfi á Engjarós er lögð áhersla á að kyngerva ekki leik og fá börnin tækifæri til að skoða umhverfi sitt í leik án þess að það skipti máli hvort kynið það er. Það hefur sýnt sig að kennarar nafngreina stráka frekar en stelpur sem hóp í starfi. Því er gott að vera meðvitaður hvernig kynin eru ávörpuð. Starfsfólk er meðvitað um að bera virðingu fyrir öllum börnum og foreldrum þeirra.

Öllum er sýnt sama viðhorf og virðing sama hvaða bakgrunn þau hafa. Börn þurfa á því að halda að hlustað sé á þau og virðing borin fyrir skoðunum þeirra. Þegar jafnrétti er skoðað þarf að ýta undir gagnrýna hugsun þeirra. Leyfa þeim að skoða hlutina út frá sjálfum sér og hvernig þau upplifa jafnrétti. Kennarar eru mikilvægur þáttur í þessu starfi því þau geta hjálpað börnunum að finna hvernig óréttlæti er og hvernig sé hægt að bæta það. Kennarar eiga að hvetja börnin til gagnrýnnar hugsunar um jafnrétti auk þess að fræða þau um margbreytileika heimsins. Starsfólk á að vera meðvitað um að flétta almennt jafnrétti inn í allt skólastarf með börnunum. Umræður og námsefni myndu auka enn frekar á skilning barnanna um margbreytileika.

Þá er mikilvægt að nýta tímann til þess í samverustundum og þemastarfi og með auknum námsgögnum um efnið. Starfsfólk er upplýst um að jafnrétti stuðlar að bættu vinnuumhverfi og skólaanda. Kennara eru fordæmi barnanna og því þarf gæta þess að virðing sé til staðar þeirra milli. Til að stuðla að jafnrétti í umræðunni væri hægt að setja saman teymi innan starfsmannahópsins sem myndi skoða hvernig jafnrétti birtist í starfi og hvað mætti betur fara.

Jafnrétti 5-6 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|--|
| Að kennarar og börn komi eins fram við alla óháð kyni, uppruna, menningu og hörundslit. | Kennarar sýni fagmennsku og virðingu fyrir öllum börnum og flokki þau ekki. |
| Að allir hafa sama rétt á hinum ýmsu leikjum óháð kyni | Gefa öllu börum tækifæri á að velja sér viðfangsefni í leik hvort sem það er drengur eða stúlka |
| Að allir hafi sama rétt til að tjá skoðanir sínar. Öllum er sýnd sama umhyggjan sama hvað bakgrunn þau hafa eða af hvaða þjóðerni þau eru | Gefa á öllum tækifæri á að tjá sínar skoðanir án fordóma. Kennarar útskýra fyrir öðrum börnum að ekki hafi allir sömu skoðanir á hinum ýmsu málefnum |
| Að passa að efniviður sé óháður kyni auk þess sem bæði stelpur og strákar leika saman | Gefa börnunum tækifæri á að velja hvað þau vilja leika með og með hverjum |
| Að kynna fyrir börnunum að ekki eru allir eins og það sé í lagi að vera þannig | Fjalla um líkamann og þann mismun sem er á drengjum og stúlkum. Fjalla eining um litarhaft, augnlit og hárlit. |
| Að gera börnum grein fyrir að þau eigi líkama sinn og enginn hefur rétt á honum nema þau sjálf | Tala við börnin um líkama þeirra og að hann sé þeirra eign. |
| Að kynna fyrir börnunum menningarheim annarra landa | Að hafa mismunandi menningardaga þar sem kynnt er fyrir börnunum áherslur annara landa |

Lýðræði og mannréttindi 5-6 ára

Lýðræði og mannréttindi: Það er mikilvægt að skólakerfið kenni börnunum djúpstæða virðingu fyrir manngildi hvers og eins, um leið og þau læra hvernig lýðræðssamfélög virka. Umhyggja fyrir dýrum og náttúru er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Lýðræðis- og mannréttindamenntun felur einnig í sér hæfnina til

að gagnrýna og endurmeta grunngildi samfélagsins. Þetta þarf að gerast í samstarfi á milli skólanna og heimilisins sem og hinna ýmsu stofnana samfélagsins.

Í starfi á Kiðagli er leitast við að skólastarf mótist af því umhverfi sem við búum við eins og atvinnu- félags og menningarlegu. Skólinn tekur tillit til mismunandi fjölskyldugerðar og uppruna barnanna og leitast við að efla tilfinningu þeirra fyrir því að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því. Af því má stuðla að góðum samskiptum utan skólans og nýtingu umhverfis til vettvangsferða og leikja. Kennarar eiga að bera virðingu fyrir öllum og takast á við eigin fordóma svo þeir stuðli ekki að mismunum á milli einstaklinga.

Mikilvægt er að ýta undir frumkvæði og ímyndunnar afl barnanna sem hvetur þau til að taka eigin ákvarðanir og frumkvæði. Skapa þarf aðstæður sem gerir það að verkum að börnunum líður vel og finni til öryggis. Mikilvægt er í lýðræðisþjóðfélagi að sína virðingu og kærleika svo að allir fái notið sín í leik og starfi. Það er gert með því að vera meðvitaður um að við erum ekki eins og hver og einn þarf tækifæri á að njóta sín á eigin forsendum. Kennurum bera að kenna börnum skapandi hugsun og gefi þeim tækifæri til þess að tjá sig í orði og myndum. Það ýtir undir sjálfstraust þeirra og eflir getu þeirra til að taka ákvarðanir um eigin getu.

Lýðræði og mannréttindi 5-6 ára

| Markmið | Leiðir |
|---|--|
| Að kennarar beri virðingu og kærleika fyrir öllum. Allir eru sérstakir og eiga rétt á að njóta þess sama | Koma skal eins fram við alla og hvetja börnin til þess líka. Það sé réttur hvers og eins að komið sé almennilega fram við hann |
| Að efla sjálfshjálp og nægjusemi | Efla skal sjálfshjálp nemenda með því að hvetja þau til að gera sjálf því þannig kennum við þeim sjálfsstæði og ábyrgð |
| Að þau læri umburðarlyndi og að bera virðingu fyrir öllum. Eigi sitt svæði og allir hafi rétt á því að tjá sig og hinir hlusti. | Lestur bókar, umræður, skiptast á og rétt upp hendi ef þau vilja fá orðið. Hvatning til að tjá sig og koma fram með eigin skoðanir |

| | |
|---|--|
| Að kenna þeim að bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Lögum samfélagsins. | Fara í vettvansferðir. Auk þess sem allt er flokkað og endurnýtt og umræður um af hverju við gerum það |
| Að þau skilji að í lýðræðislegu samfélagi gilda ákveðnar reglur sem þau verða að fara eftir. | Kenna börnunum að þau þurfi að fara eftir reglum sem gilda á leikskólanum. Öllu fylgir orsök eða afleiðing |
| Að gefa öllum sama tækifæri á að taka þátt í verkefnum og mismuna engum. Hvetja börnin til að taka eigin ákvarðanir, nýta ímyndunarafl sitt og getu | Hafa góða yfirsýn yfir hvert barn og að allir fái að njóta þess sama. Efla samskiptamáta þeirra sín á milli sem ýtir undir gagnrýna hugsun |
| Að hafa þarfir og samskipti barna að leiðarljósi í öllu starfi sem fram fer á skólatíma | Sinna þörfum hvers og eins og mismuna engum. Tala þarf eins við öll börn svo þau finni ekki fyrir neikvæni í sinn garð. |

Sköpun 5-6 ára

Sköpun: Sköpun er leið einstaklings til þess að tengja nýja upplifun fyrri þekkingu og verða þannig „meiri í dag en í gær“ Sköpunargleðin sprettur fram vegna forvitni og athafnaþrá sem leiðir til námsáhuga og frumkvæðis. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Hún brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.

Starfsfólk þarf að taka tillit til áhuga barnanna hvað varðar sköpun en kynna þarf fyrir þeim mismunandi efnivið og áhöld sem efla hugmyndarflug þeirra og getu. Gefa þarf þeim tíma og ímyndunarafli þeirra lausan tauminn svo þau öðlist frumkvæði og kjark til að skapa það sem þeim langar til. Starfsfólk þarf að hafa getu til að virkja sköpunargleði barnanna en það gera þeir með því að gefa börnunum tíma að framkvæma það sem þau langar til og vera áhugasamir sjálfir og ræða við börnin. Sköpun fellst ekki eingöngu í því að skila frá sér einhverju verki heldur er hún einnig í leiksrænni tjáningu, því er mikilvægt að kennarar sé fyrirmynd í því og óhrædd við að taka þátt í frjálsum leik barnanna. Skapandi starf á að beinast að því sem gert er þar sem allir fái notið sýn á sínum forsendum. Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi, því er það mikilvægt að þeir nýti sína fagþekkingu í að kenna börnum hinar ýmsu greinar sköpunar því

sköpun er í öllu umhverfinu. Starfsfólk þarf að vera frjótt og geta vakið upp áhuga barnanna sem leiðir til spurninga úrlausnar og skapandi hugsunar. Taka tillit til áhuga hvers og eins er varðar sköpun.

Sköpun 5-6 ára

| Markmið | Leiðir |
|--|---|
| Að gefa börnunum tækifæri á að tjá sig í gegnum myndlist . | Gefa þeim kost á að vinna á sínum forsendum og þroska |
| Að auka ímyndunarafl barnanna og kynna fyrir þeim hinar ýmsu leiðir og efnivið | Leggja ýmiskonar efnivið fyrir börnin og gefa þeim tækifæri á að fara þá leið sem þau kjósa að fara |
| Að tengja saman hljóð, mynd og tónlist með hreyfingu og hinum fjölbreyttu hljóðfærum | Að kynna fyrir þeim fjölbreytt hljóðfæri,hljóðforrit og gefa þeim tækifæri á að prufa þau. |
| Að kynna fyrir börnunum texta og söng og hafa skipulagðar söngstundir | Hafa skipulagðar söngstundir og kenna börnunum lag og texta. Þjóða einnig upp á hreyfisöngva og fá börnin með |
| Að börnin fái að kynnast hinum ýmsu listum sem vekur upp ímyndunarafl þeirra og spurningar | Fara með börnin á listasafn og aðrar sýningar |
| Að börnin nýti skapandi hugsun sína við að gera verkefni og fái hvatningu frá kennara | Láta börnin gera sjálf þá vinnu sem þeim langar að gera. Efla klippifærni og blýantsgrip |
| | |

Heilbrigði og velferð 5-6 ára.

Þegar rætt er um heilbrigði er vísað til andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar vellíðanar fólks. Allt skólastarf á að miða að því að efla heilbrigði og stuðla markvisst að vellíðan barnanna með tilliti til sjálfsmyndar, hreyfingar, næringar, hvíldar, andlegrar vellíðanar, góðra samskipta, öryggis, hreinlætis, kynheilbrigðis og skilnings á eigin tilfinningum og annarra.

Á Engjarós er lögð áherla á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Börnin fara í leikfimishús einu sinni á hálfsmánaðar fresti sem er utan við þá hreyfingu sem þau iðka í sal skólans. Góð hreyfifærni eykur sjálfstraust ásamt því að bæta heilsu, snerpu og þol. Börn tjá sig snemma með hreyfingu, þau skynja líkama sinn og finna styrk sinn og getu. Líkamlegri áreynslu fylgir hvíld og þar skynjar barnið mun á spennu og slökun. Útivera og hreyfing er mikilvægur þáttur í daglegu lífi og hefur verið stór þáttur í leikskólastarfinu hér á Kiðagili. Hvað varðar velferð barna snýst hún ekki eingögu um líkamlegt atgervi heldur einnig um sjálfsmynd, andlega líðan, öryggi, mat á eigin tilfinningum og annarra. Starfsfólk þarf að vera meðvitaðir um þarfir hvers og eins og uppfylla þær eins vel og hægt er. Mikilvægt er að efla félagsþroskan og félagstengsli svo og gefa börnunum tækifæri á að takast á við ný viðfangsefni. Fræðsla um mikilvægi næringar byggist á því að kynna allar fæðutegundir fyrir börnunum og gefa þeim tækifæri á að smakka. Starfsfólk þarf að leitast við minnka hávaða þar sem hann hefur áhrif á leik og nám barnanna

Heilbrigði og velferð barna byggist á samskiptum og á að einkennast af hlýju og virðingu en starfsfólki ber að eiga í jákvæðum samskiptum við börnin því það eflir sjálfsmynd þeirra og sjálfstraustið eykst. Það að hvetja börnin kennir þeim að taka ábyrgð á eigin getu og hegðun auk þess sem það veitir þeim þroska til að mæta óvæntum aðstæðum og trú á eigin getu. Þau verða einnig tilbúnari að takast á við ágreiningsmál er upp koma og greiða úr þeim

Heilbrigði og velferð 5-6 ára

| Markmið | Leiðir |
|-----------------------------------|---|
| Að stuðla að markvissri hreyfingu | Nýta svæði skólans, skipulagðar hreyfistundir Útivera, vettvangsferðir, leikfimi í |

| | |
|---|---|
| | leikfimishúsi |
| Að örva fín og grófhreyfingar barnanna | Bjóða upp á námsefni sem stuðlar að samhæfingu sjónar og handa aðgengilegt |
| Að stuðla að aukinni þekkingu á hollu mataræði | Kynna fyrir börnunum hvað er hollt að borða og af hverju |
| Að kenna börnunum um líkama sinn | Hafa skipulagðar vinnustundir um líkamann |
| Að fræða börnin um mikilvægi hreinlætis | Hafa skipulagðar stundir þar sem börnin fá að prufa hin ýmsu efni sem stuðla að hreinlæti |
| Að efla andlega og líkamlega líðan barnanna | Gefa sig að börnunum á jákvæðan hátt, hrósa, hvetja og uppörva |
| Að hvetja þau til jákvæðra samskipta við hvort annað og að taka ábyrgð á eigin hegðun | Hvetja, hrósa, leiðrétta , efla tengsl þeirra við önnur börn og hjálpa þeim til þess. |